Kvöldganga að Drekkingarhyl

Tímamót ➤ 16

Prins og Móses í eina sæng

Lífið ➤ 22

Sigraðu innkaupin fyrir útileguna
nettó

FRÉTTABLAÐIÐ

147. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR | frettabladid.is | FIMMTUDAGUR 21. JÚLÍ 2022

Gljáfægðar einkaþotur af ýmsum stærðum og gerðum flytja nú auðmenn og fylgdarlið til og frá landinu í stríðum straumum og eru margar á Reykjavíkurflugvelli hverju sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Tekjur ríkissjóðs af gjöldum á bíla minnka um tuttugu milljarða króna

Vinna er hafin í fjármálaráðuneytinu við að breyta gjaldtöku af bifreiðum eftir öra fjölgun rafbíla hér á landi, sem er samkvæmt bjartsýnustu vonum.

ser@frettabladid.is

ORKUSKIPTI Tekjur ríkissjóðs af eldsneytisgjöldum og vörugjöldum ökutækja munu líklega lækka um tuttugu milljarða króna á þessu ári vegna örrar fjölgunar rafbíla hér á landi. Þetta herma heimildir Fréttablaðsins.

„Rafbílavæðingin hér á landi hefur gengið eftir samkvæmt bjartsýnustu spám," segir Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri Félags íslenskra bifreiðaeigenda. „En Íslendingar eru nú næstir á eftir Norðmönnum í fjölda rafbíla á móts við bifreiðar sem nota jarðefnaeldsneyti," bætir hann við.

„Það eina sem háir enn frekari rafbílavæðingu hér á landi er viðvarandi skortur á rafbílum," segir Runólfur. Engu að síður jókst sala rafhlöðuknúinna bíla í Evrópu um 63 prósent á síðasta ári, en vel ríflega milljón rafbílar seldust þá í álfunni og markaðshlutdeildin var tíu af hundraði.

Tekjur ríkisins af bensín- og olíugjaldi hefur löngum verið gildur gjaldstofn, en um helmingur af útseldu verði þessa jarðefnaeldsneytis sem farið hefur á tanka ökutækja hér á landi rennur ríkissjóð.

> Rafbílavæðingin hér á landi hefur gengið eftir samkvæmt bjartsýnustu spám.

Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri FÍB

Vinna er hafin í fjármálaráðuneytinu til að breyta gjaldheimtuaðferð af bifreiðaflota landsmanna og er búist við að rafbílar verði þar ekki undanskildir. Þeir eru nú einnig undanskildir vörugjöldum að öllu leyti, ef útsöluverð þeirra er innan sex milljóna króna og hafa heldur ekki borið virðisaukaskatt innan ákveðinna verðmarka.

Innan ríkisstjórnarinnar hefur ekki aðeins verið rætt um að jafna gjöld á milli bílaflokka, að því er heimildir Fréttablaðsins herma, heldur hefur einnig verið rætt um aukna gjaldtöku á þjóðvegum, hringinn í kringum landið, til að mæta þverrandi tekjum af bifreiðaeldsneyti. ■

Mistök að lækka stýrivexti í Covid

EFNAHAGSMÁL Seðlabankar gerðu mikil mistök í heimsfaraldrinum með því að prenta peninga og lækka vexti. Þetta er mat Jóns Daníelssonar hagfræðiprófessors. Bankarnir þurfi ótvíræðan pólitískan stuðning til að vinda ofan af afleiðingum þessara mistaka.

Jón Daníelsson, hagfræðiprófessor

„Stjórnmálamenn vilja almennt ekki breyta innviðum samfélagsins, þeir vilja bara fá skammtímalausnir og peningaprentun er slík skammtímalausn," segir Jón. Seðlabankar hafi mislesið aðstæður. „Það er rótin að þessari háu verðbólgu." SJÁ SÍÐU 10



Jan Petter Røed var einn helsti velgjörðarmaður kirkjunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Reykholtskirkja erfir norskan stórefnamann

thorgrimur@frettabladid.is

TRÚFÉLÖG Reykholtskirkja á í vændum arf frá einum helsta velgjörðarmanni sínum, norska kaupsýslumanninum og skipaútgerðarmanninum Jan Petter Røed. Hann lést 20. júní síðastliðinn og var þá í hópi auðugustu Norðmanna eftir farsælan feril sinn í skiparekstri.

Þorvaldur Jónsson, formaður sóknarnefndar í Reykholti, segir að Røed hafi komið til Reykholts fyrir tilviljun um aldamótin þegar leigubílstjóri ákvað að fara með hann þangað.

> Hann gaf okkur búnað í turninn og klukku, og síðan gaf hann peninga til að létta á skuldum kirkjunnar.
>
> Þorvaldur Jónsson, formaður sóknarnefndar í Reykholti

„Hann reyndist okkur ómetanleg hjálparhella. Hann gaf okkur búnað í turninn og klukku, og síðan gaf hann peninga til að létta á skuldum kirkjunnar. Þegar bílstjórinn ákvað að koma hingað með hann fór hann að forvitnast um gang mála og tók þetta upp á sína arma."

Þorvaldur segir að sóknarnefndar Reykholtskirkju hafi verið getið í erfðaskrá Røed. Enn liggur þó ekki fyrir hve mikla fjármuni kirkjan kemur til með að erfa frá viðskiptamanninum.

„Við vitum bara að hann ánafnar kirkjunni einhverju. Ekkert hversu mikið eða hvers eðlis það er." ■

Gróðureldar geisa enn í Grikklandi

Gróðureldar eru kviknaðir í Grikklandi líkt og víðs vegar um Evrópu í hitabylgjunni sem stendur yfir. Í gær þurftu slökkviliðsmenn að hafa hemil á skógareldi í úthverfinu Pallini austan við Aþenu. Hitabylgjan og hamfarirnar sem henni fylgja hafa verið settar í samhengi við hnattræna hlýnun vegna loftslagsbreytinga. Sænski loftslagsaðgerðasinninn Greta Thunberg hefur varað við því að hið versta sé enn fram undan. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Með næstminnstu verðbólgu Evrópu

olafur@frettabladid.is

NEYTENDUR Samræmd vísitala neysluverðs á Evrópska efnahagssvæðinu hefur hækkað um 9,5 prósent síðustu tólf mánuði.

Minnsta verðbólgan í Evrópu síðustu tólf mánuði mældist í Sviss, 3,2 prósent. Næstlægst mældist hún á Íslandi, 5,4 prósent.

Samræmd vísitala neysluverðs er frábrugðin þeirri vísitölu neysluverðs sem notuð er til verðtryggingar hér á landi, þannig að húsnæðisliðurinn er öðruvísi reiknaður inn í þá samræmdu en íslensku neysluvísitöluna.

Samkvæmt þessu virðist verðbólga ofmæld hér á landi um fjögur prósentustig samanborið við önnur lönd. ■

Kristín skráði sig á spjöld sögunnar í Bandaríkjunum

Kristín Elísabet Gunnarsdóttir hjálpar íþróttafólki að ná hámarksárangri. Húnhefur verið ráðin sem þjálfari hjá ruðningsliði Life University.

helgifannar@frettabladid.is

ÍÞRÓTTIR Kristín Elísabet Gunnarsdóttir býr í Los Angeles í Bandaríkjunum og rekur þaðan fyrirtækið Better Elite Performance. Hún sérhæfir sig í að hjálpa íþróttamönnum um allan heim að hámarka árangur sinn.

Kristín hefur unnið með nokkru af fremsta íþróttafólki heims í starfi sínu. Hún starfaði þá um tíma með karlaliði háskólans Life University í ruðningi. Sjálf hefur hún verið í íþróttum frá unga aldri.

Kristín starfar við það sem á ensku heitir „sports performance coach". Hún segir hugtakið í raun ekki þekkjast á Íslandi.

„Mitt starf snýst um það að hámarka árangur íþróttamanna og að lengja ferilinn þeirra, alveg sama í hvaða íþrótt þeir eru," segir Kristín. Bæði íþróttalið og íþróttamenn ráða hana til vinnu.

Kristín var einmitt ráðin til ruðningsliðs Life University eftir að hafa stundað meistaranám við skólann í meðhöndlun á íþróttameiðslum. Er hún fyrsta og eina konan í sögunni til að þjálfa hjá liðinu.

„Þetta er mjög stórt. Maður er eiginlega skrifaður í sögubækurnar fyrir að vera fyrsta og eina konan, svo er ég útlensk í þokkabót," segir hún. „Þetta voru 48 karlmenn sem ég var að aðstoða við að hámarka árangur sinn og koma í veg fyrir meiðsli, útrýma meiðslum."

Kristín segir ekki síður mikilvægt fyrir íþróttamenn að vinna með andlegu hliðina, jafnt og þá líkamlegu. Mikilvægustu þættirnir séu styrkur, að koma í veg fyrir meiðsli og andlega hliðin. „Þetta spilar allt saman í að hámarka kraft þinn sem íþróttamaður," segir hún.

Kristín Elísabet Gunnarsdóttir hefur náð frábærum árangri. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

> Þetta spilar allt saman í að hámarka kraft þinn sem íþróttamaður.
>
> Kristín Elísabet Gunnarsdóttir

Auk ruðningsliðsins hefur Kristín unnið með nokkru af fremsta íþróttafólki heims.

Íslendingar ættu til að mynda að þekkja nöfn Hafþórs Júlíusar Björnssonar, eins sterkasta manns heims, og Elísabetar Margeirsdóttur, sem hljóp 400 kílómetra í Góbíeyðimerkurhlaupinu á 96 klukkustundum og 54 mínútum. Kristín hefur unnið náið með þeim báðum.

Auk þess hefur Kristín þjálfað stór erlend nöfn í heiminum. ■

Nánar á frettabladid.is

Parki
INTERIORS

Harðparket

Parki býður upp á mikið úrval af hágæða harðparketi frá heimsþekktum birgjum.

Vandaðu valið og veldu umhverfisvænt, slitsterkt og vatnsþolið harðparket frá Parka.

Komdu við í sýningarsal okkar að **Dalvegi** og ræddu við sérfræðinga Parka og fáðu faglega ráðgjöf.

Krono Original®
High Quality

MEISTER

Parki
INTERIORS

Dalvegi 10-14
201 Kópavogi
595 0570

Finndu okkur á **Facebook!**
facebook.com/Parki.interiors

parki.is

Bandaríkin birta árlega skýrslu um mansalsmál. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Uppfyllum kröfur varðandi mansal

adalheidur@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Ísland uppfyllir allar lágmarkskröfur í baráttu gegn mansali, samkvæmt nýrri skýrslu bandarískra stjórnvalda og hefur færst upp í fyrsta flokk eftir að hafa verið í öðrum flokki undanfarin ár. Í fyrsta flokki eru 30 ríki af 188.

Bandaríska utanríkisráðuneytið hefur frá 2001 birt árlega skýrslu um stöðu mansalsmála og aðgerðir stjórnvalda gegn mansali og sett ríki í þrjá flokka eftir frammistöðu. Byggt er á upplýsingum frá stjórnvöldum, félagasamtökum og úr ýmsum öðrum áttum. ■

Repúblikaninn Susan Collins er einn flutningsmanna. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Vilja skýr lög um forsetakosningar

thorgrimur@frettabladid.is

BANDARÍKIN Þverpólitískur hópur öldungadeildarþingmanna í Bandaríkjunum hefur lagt fram frumvarp sem á að gera erfiðara að hnekkja niðurstöðum forsetakosninga.

Frumvarpið er talið andsvar við tilraunum Donalds Trump til að hnekkja niðurstöðu forsetakosninganna 2020. Í því segir skýrt að varaforsetinn gegni aðeins táknrænu hlutverki við talningu og staðfestingu kjörmannaatkvæða eftir kosningar.

Flestir bandarískir lögspekingar líta svo á að varaforsetinn geti ekki haft áhrif á talninguna. Trump reyndi þó að fá varaforseta sinn, Mike Pence, til að neita að telja tiltekin kjörmannaatkvæði eftir kosningarnar 2020, en án árangurs. ■

Óvenju mikill músagangur vegna flugnaskorts

ser@frettabladid.is

DÝRALÍF Músagangur er með meira móti í borgarlandinu í sumar, að því er Guðmundur Óli Scheving meindýraeyðir segir í samtali við blaðið, en kvörtunum svo að segja rignir yfir hann.

„Líklega stafar þetta af tvennu," útskýrir hann. „Það hefur bæði verið kalt og blautt og það hjálpar hagamúsinni ekki," bætir hann við, „og þess utan hefur verið lítið æti fyrir hana að hafa utan dyra."

Og þar veldur mestu að lítið er af skordýrum fyrir hana að éta. „Það er minna af trjágeitungum en vanalega," segir Guðmundur Ólil.

Meindýrafræðingurinn á þó von á að holugeitungurinn skili sér þegar hausta tekur. „En jafnvel hunangsflugan hefur heldur ekki náð sér á strik – og þar er sennilega vosbúðinni um að kenna."

Guðmundur Óli Scheving, meindýraeyðir

Hagamúsin leiti því í híbýli fólks eftir mögulegu æti, enda sé hún afar háð orkuríkri fæðu, því afkoman er mikil, á sjö til átta mánaða líftíma sínum eignist hún fjóra til tólf unga á 26 daga fresti – og 48 dögum eftir fæðingu ungans sé hann sjálfur farinn að fjölga sér.

„Þannig að það þarf nú hafa sig allan við í starfi sem mínu," segir Guðmundur Óli Scheving, meindýraeyðir á höfuðborgarsvæðinu. ■

ÁTVR greitt yfir sextíu milljónir fyrir lögfræðiþjónustu frá því á árinu 2018

Upplýsingar um kostnað ÁTVR vegna málsókna á hendur einkafyrirtækjum sem selja Íslendingum áfengi liggur ekki fyrir, segir stofnunin, því hann sé samofinn öðrum verkefnum sem unnin hafi verið samhliða.

mhj@frettabladid.is

Sigrún Ósk Sigurðardóttir, aðstoðarforstjóri ÁTVR. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

RÍKISSTOFNANIR Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hefur borgað yfir 60 milljónir króna fyrir aðkeypta lögfræðiþjónustu frá árinu 2018.

Þetta kemur fram í svörum ÁTVR við fyrirspurn Fréttablaðsins. Stór hluti þess kostnaðar, eða einn þriðji, kom í fyrra er ÁTVR greiddi 20 milljónir fyrir lögfræðiþjónustu.

Stofnunin greiddi tvöfalt minna árið áður, 2020. Þá fóru 10 milljónir í lögfræðikostnað og enn minna árið 2019, eða 8 milljónir.

Árið 2021 kærði ÁTVR Arnar Sigurðsson, frönsku netverslunina Santewines SAS og innflutningsfyrirtækið Sante ehf. til lögreglu og skattsins. ÁTVR sakaði fyrirtækið um að standa ekki skil á innheimtum virðisaukaskatti.

ÁTVR kærði einnig Bjórland ehf., Brugghúsið Steðja ehf. og eigendur þeirra fyrirtækja. Sama ár fór ÁTVR einnig í skaðabótamál gegn Sante, Arnari og Bjórlandi ehf.

Í mars síðastliðnum vísaði Héraðsdómur Reykjavíkur málunum frá. Héraðsdómur sagði ÁTVR ekki hafa lögvarða hagsmuni af úrlausn málsins og var ÁTVR gert að greiða félögunum málskostnað. Lögfræðikostnaður ÁTVR það sem af er ári er 9,7 milljónir króna.

Í svari ÁTVR til Fréttablaðsins segir að í rekstri ÁTVR komi margoft upp aðstæður sem krefjist sérhæfðrar lögfræðiþekkingar og aðkomu lögmanna. Helstu málaflokkarnir séu ágreiningsmál varðandi vöruval áfengis og tóbaks, fasteignamál, leigusamninga, skipulagsmál og framkvæmdir. Einnig dómsmál, kærumál og samkeppnismál, svo dæmi séu tekin.

Ívar J. Arndal, forstjóri ÁTVR

Fréttablaðið greindi frá því í september í fyrra að kostnaður vegna einkamálanna gegn Sante og öðrum smásölum væri tæplega 7 milljónir króna án virðisaukaskatts. Frá þeim tíma hafa 1,5 milljónir króna bæst við þann kostnað, samkvæmt ÁTVR.

Fréttablaðið óskaði einnig eftir upplýsingum um hvort ÁTVR hefði keypt lögfræðiaðstoð fyrir umsagnarskrif við áfengisfrumvörp Alþingis, en stofnunin hefur verið með ítarlegar umsagnir bæði gegn brugghúsafrumvarpinu svokallaða og vefverslunarfrumvarpinu. ÁTVR gat ekki veitt upplýsingar um heildarkostnað vegna þessarar lögfræðiráðgjafar því hún sé samofin öðrum verkefnum.

„Umsagnir ÁTVR um frumvörp sem til umfjöllunar eru á Alþingi, um málefni er varða áfengis- eða tóbaksmál og snerta rekstur ÁTVR, eru á ábyrgð forstjóra," segir í svari ÁTVR.

„Upplýsingar um heildarkostnað vegna þessarar lögfræðiráðgjafar liggja ekki fyrir með aðgengilegum hætti hjá ÁTVR, enda hefur hún verið samofin öðrum verkefnum sem vinna hefur þurft jöfnum höndum, svo sem öflun margvíslegra gagna og upplýsinga auk greininga á lagaumhverfi hérlendis í samhengi við löggjöf á Norðurlöndum og EES-svæðinu," segir í svari ÁTVR við fyrirspurn Fréttablaðsins. ■

FULLKOMINN Í BORGARFERÐIR

„Ítölsk hönnun hefur alltaf veitt okkur í HAF studio mikinn innblástur og þess vegna varð rafknúinn Fiat 500e fyrir valinu."

Hafsteinn Júlíusson og Karítas Sveinsdóttir

NÝ SENDING Á LEIÐINNI – TRYGGÐU ÞÉR EINTAK

ISBAND ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 590 2300 OPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LOKAÐ LAUGARDAGA FIAT

Herra lagerinn
outlet
líka fyrir konur
BOSS HUGO BOSS
SAND COPENHAGEN
POLO RALPH LAUREN
Stenströms
EMPORIO ARMANI
eterna
gardeur
HUGO HUGO BOSS
Troðfull verslun af merkjavöru!
Rýming
80%
afsláttur af öllum vörum
Herralagerinn Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen) opið virka daga frá kl. 11 til 18
laugardaga frá kl. 11 til 17 sunnudaga frá 13 til 17 sími 568 9512

Söfnunarlón önnur en Þórisvatn fyllast í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Vatnsbúskapur er umtalsvert betri

ser@frettabladid.is

HÁLENDIÐ Eftir krefjandi vetur hjá Landsvirkjun hefur staða vatnsbúskapar batnað umtalsvert, að því er sérfræðingar hennar segja.

Snjósöfnun vetrar þótti vel yfir meðallagi og að sögn vaktmanna tók snjóbráð vorsins snemma við sér og skilaði sér vel í miðlunarlón.

Blöndulón og Þórisvatn náðu lægstu stöðu seinni hluta mars og hófst söfnun fljótlega í kjölfarið og hefur haldist stöðug síðan. Hálslón náði lægstu stöðu um miðjan maí og hefur söfnun verið rólegri þar en í öðrum miðlunum, enda spilar jökulbráð þar stærri þátt í innrennsli ársins.

Nú, seinni hluta júlímánaðar, hefur hægst á söfnun þar til að jökulbráð tekur við sér með hækkandi hitastigi á hálendinu.

Samkvæmt úttekt eru góðar líkur á að Blöndulón og Hálslón fyllist í ágúst en undir helmingslíkur á að Þórisvatn fari á yfirfall í sumar. ■

Gjaldtaka við Hveri en lítið eftirlit

Blað er brotið með bílastæðagjöldum við eina þekktustu náttúruperlu landsins. Hluti ferðamanna reynir að koma sér undan gjaldtökunni.

bth@frettabladid.is

Gjaldtaka fyrir bílastæði er nú hafin við Hveri austan Námaskarðs í sátt meðal landeigenda þar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

FERÐAÞJÓNUSTA Gjaldtaka er hafin á bílastæði við náttúruperluna Hveri austan Námaskarðs. Plani hefur verið lokað þar sem fólk gat áður lagt bíl án greiðslu. Nýtt og stórt plan er komið þess í stað. Upplýsingaskilti með QR-kóða hafa verið sett upp og fer gjaldtakan fram með rafrænum hætti. Að því gefnu að ferðamenn sinni fyrirmælum.

Blaðamaður Fréttablaðsins kannaði staðhætti á Hverum í gærmorgun. Virtist mjög upp og ofan hvort ferðamenn sem lagt höfðu bílum greiddu gjaldið eða ekki.

Sumir báru því við, er spurt var hvort þeir hefðu greitt fyrir stæðin, að þeir skildu ekki upplýsingarnar. Aðrir, þar á meðal íslenskur bílstjóri sem sat í eigin rútu meðan farþegar hans spígsporuðu um svæðið, benti á að hann sæi engar eftirlitsmyndavélar. Hann myndi ekki greiða gjald ef hann þyrfti þess ekki. Enginn starfsmaður var á þessum tíma til að fylgja gjaldtökunni eftir.

Félagið Sannir landvættir stendur að gjaldtökunni fyrir bílastæðin. Sama félag sá um uppbyggingu, malbikunarframkvæmdir og fleiri kostnaðarsamar breytingar á svæðinu. Sannir landvættir hafa staðið fyrir svipaðri framkvæmd við Laufskálavörðu og Kirkjufell. Hlut í félaginu í Mývatnssveit eiga landeigendur í Reykjahlíð.

> Félagið Sannir landvættir stendur að gjaldtökunni fyrir bílastæðin. Sama félag sá um uppbyggingu, malbikunarframkvæmdir og fleiri breytingar á svæðinu.

Guðrún María Valgeirsdóttir landeigandi sagði í samtali við Fréttablaðið fyrir skömmu eðlilegt að gestir greiddu gjald fyrir þjónustu, umsjá og vernd svæðisins. Hún gagnrýndi Umhverfisstofnun fyrir að hafa ekki sinnt bráðalokun þegar svæðið spilltist fyrir nokkrum árum og taldi eðlilegra að einkaaðilar sæju um slík mál. Gjaldtaka var reynd við Leirhnúk og Hveri árið 2014. Hún var stöðvuð skömmu síðar að kröfu hluta landeigenda. Staðfesti Hæstiréttur lögbann á gjaldtöku Landeigenda Reykjahlíðar ehf. tveimur árum síðar.

Hverir hafa nú bæst við vaxandi fjölda ferðamannastaða þar sem rukkað er fyrir aðgengi að náttúruperlum sem áður var ókeypis. Hærra gjald er rukkað fyrir stóran bíl en lítinn.

Gjaldtaka er fyrirhuguð við Fjaðrárgljúfur eins og Fréttablaðið hefur greint frá, eftir sölu jarðar sem á stærstan hluta landsins við gljúfrið. ■

Miami Bar til Sölu

Skemmtistaðurinn MIAMI BAR við Hverfisgötu 33 er til sölu. Áhugasamir vinasamlegast setjið ykkur í samband við Húnboga J Andersen lögmann í síma 8922831 eða á hunbogi@hjandersen.is.

MIAMI HVERFISGATA

Reykvíkingar eru gestrisnir þegar kemur að ókeypis sófagistingu. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Tvö þúsund í Reykjavík bjóða fólki að sofa í sófa

ser@frettabladid.is

FERÐAÞJÓNUSTA Tvö þúsund Reykvíkingar hafa nú þegar skráð sig í ferðaþjónustuappið CouchSurfing sem gæti útlagst á íslensku sem sófagisting, en þjónustan felur í sér að bjóða gestum og gangandi fría gistingu á sófanum í stofunni.

Um nokkurra ára gamalt app er að ræða sem notið hefur mikilla vinsælda á meðal ferðalanga sem geta með þessu móti bankað upp á hjá tilgreindum húseigendum og hallað höfði sínu í sófa þeirra, án þess að borga húseigendum krónu fyrir.

Notendur þessarar þjónustu þurfa þó að greiða eigendum appsins tvær evrur á mánuði fyrir að geta nýtt sér smáforritið, en gerist þeir eins árs áskrifendur er kostnaðurinn ein evra á mánuði, eða sem nemur um rösklega 1.500 krónum á ári.

> Fólk sem hefur lítið milli handanna og er sama þótt það gisti inni á ókunnugum notar gjarnan Couchsurfing-appið.

Appið umrædda, CouchSurfing, er einkum og sér í lagi notað af námsmönnum sem eru að ferðast um heiminn og hafa ekki mikið á milli handanna, en kæra sig kollótta þótt þeir leggist inn á ókunnugt fólk, milli þess sem þeir ferðast um landið og njóta þess sem það hefur upp á að bjóða. ■

RALPH LAUREN DAGAR

21. JÚLÍ - 3. ÁGÚST

RALPH LAUREN TASKA

KAUPAUKINN ÞINN ÞEGAR
VERSLAÐ ER FYRIR
10.000 KR. EÐA MEIRA

20% afsláttur

af öllum Ralph Lauren vörum
21. júlí - 3. ágúst

HAGKAUP

Íslenskur sjávarútvegur greiddi 4,8 milljarða í veiðigjöld á síðasta ári en hagnaðist um 100 milljarða á veiðunum, að teknu tilliti til veiðigjalda og annars kostnaðar.

Óheppilegt að miða gjaldtöku við óljósa afkomu í greininni

Ólafur Arnarson
olafur@frettabladid.is

Nágranna- og frændþjóðirnar Íslendingar og Norðmenn eiga það sameiginlegt að búa yfir miklum náttúruauðlindum. Mikill munur er þó á því hvernig verðmæti þessara auðlinda nýtast samfélaginu í heild, annars vegar í Noregi og hins vegar á Íslandi.

Sá grundvallarmunur er á íslensku auðlindinni og þeirri norsku að sú íslenska er endurnýjanleg en ekki sú norska. Ef við Íslendingar gögnum vel um okkar auðlind getur hún enst út í hið óendalega að því gefnu að ekki komi til utanaðkomandi áföll. Norska auðlindin mun klárast.

Vegna þess að olían er takmörkuð auðlind gripu Norðmenn til þess ráðs að láta megnið af þeim tekjum sem verða til í norska olíuiðnaðinum renna í sérstakan þjóðarsjóð, sem við þekkjum sem norska olíusjóðinn. Hugsunin á bak við það var meðal annars sú, að þar sem auðlindin væri ekki óþrjótandi væri mikilvægt að tryggja að afrakstur hennar nýttist norsku þjóðinni áfram þótt auðlindin tæmdist eða svo dýrt yrði að vinna úr henni verðmæti að það borgaði sig ekki.

Rögnvaldur Hannesson, prófessor emeritus við norska Viðskiptaháskólann NHH í Bergen, segir í samtali við Fréttablaðið að einnig hafi vakað fyrir Norðmönnum að tryggja að ríkið fengi sem mest verðmæti þessarar sameignar þjóðarinnar í sinn hlut til að það nýttist samfélaginu í heild. Rögnvaldur er sérfræðingur í auðlindahagfræði og hefur sérhæft sig sérstaklega í sjávarútvegshagfræði og jarðolíuhagfræði.

Hlutlaus skattheimta

Skattkerfið er að mestu leyti notað til að afla norska ríkinu tekna frá olíuiðnaðinum í landinu. Frá upphafi hefur verið kappkostað að skattlagning í norska olíugeiranum sé hlutlaus á þann hátt að verkefni sem er arðbært fyrir skatta sé það einnig eftir að skattar hafa verið lagðir á. Með þessu móti er reynt að tryggja hámarksheimtur fyrir ríkissjóð sem og að skattheimtan sem slík brengli ekki fjárfestingarákvarðanir heldur hvetji til fjárfestinga í arðbærum verkefnum.

Til að tryggja hlutleysi skattheimtu er einungis sá hagnaður, sem eftir verður þegar allur kostnaður hefur verið greiddur, skattlagður, og nýta má uppsafnað tap síðar.

Flókin veiðigjöld

Veiðigjöld á Íslandi eru ákveðin eftir flóknum aðferðum og byggja á opinberri afkomu sjávarútvegsins tveimur árum fyrr. Á síðasta ári námu veiðigjöldin 4,8 milljörðum en sjávarútvegsfyrirtæki högnuðust um 100 milljarða.

> Að byggja gjaldtöku á afkomu er mjög óheppileg leið þegar gegnsæi verðmyndunar er lítið.

Rögnvaldur Hannesson, prófessor emeritus við Viðskiptaháskólann (NHH) í Bergen

Gegnsæi forsendan

Rögnvaldur Hannesson segir að mikilvæg forsenda þess að beita sköttum með þessum hætti til tekjuöflunar fyrir norska ríkið sé sú staðreynd að öll verðmyndun í olíuiðnaðinum er mjög gegnsæ. Olía og gas selst fyrir verð sem ræðst af framboði og eftirspurn á markaði og birtist opinberlega.

Af þeim sökum er fullkomið gegnsæi á afkomu fyrirtækja í norska olíugeiranum.

Að sögn Rögnvaldar gegnir öðru máli um íslenskan sjávarútveg. Gegnsæi þar sé miklu minna en í olíugeiranum. „Að byggja gjaldtöku fyrir aðgengi að auðlind á afkomu einstakra fyrirtækja, eða greinarinnar í heild, er mjög óheppileg leið þegar gegnsæi verðmyndunar er lítið, eins og í íslenskum sjávarútvegi," segir Rögnvaldur.

Norðmenn kappkosta að tryggja að sem mestur afrakstur olíuvinnslu renni í ríkissjóð og nýtist samfélaginu í heild í gegnum olíusjóðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Fjórir tekjustofnar olíusjóðsins

Norðmenn afla tekna af olíuauðlindum sínum með fjórum aðferðum:

Með almennum tekjusköttum fyrirtækja (22%). Með sérstökum tekjusköttum á fyrirtæki sem vinna gas og olíu (þetta er hliðstætt við íslensku veiðigjöldin þó að þau séu mun lægri þar sem olíu- og gasskatturinn í Noregi er 56%).Í gegnum SDØE – sem fjárfestir fyrir hönd norska ríkisins í öllum verkefnum á norskum sökkli – og deilir áhættu með eigendum verkefnanna. Með arði af eignarhlut ríkisins í Equinor (áður Statoil).

„Við þetta bætist að lóðrétt samþætting í sjávarútveginum er mikil, þar sem veiðar og vinnsla eru á höndum sömu aðila og vinnslan kaupir gjarnan hráefni sitt af útgerð innan sömu samstæðu á öðru verði en markaðsverði."

Stærstu sjávarútvegsfyrirtækin hafa fært út sínar kvíar og eru í mörgum tilfellum með veiðar, vinnslu og sölufyrirtæki erlendis, sem kaupa hráefni af öðrum fyrirtækjum samstæðunnar sem starfa hér á landi. Við það verður endanleg afkoma fyrirtækjanna með öllu ógagnsæ og í raun ófært að tengja gjaldtöku á nokkurn hátt afkomu þeirra.

Með þessum orðum er ekki verið að gefa í skyn að þessi fyrirtæki hagræði afkomu sinni opinberlega til að lágmarka veiðigjöldin sem greiða þarf fyrir aðgang að auðlindinni í sjónum, heldur einungis bent á að gegnsæi er nær ekkert.

Samanlögð árleg tekjuöflun norska ríkisins vegna olíu- og gasvinnslu hefur hin seinni ár gjarnan verið á bilinu 250-500 milljarðar norskra króna. Eftir 2015 dró úr tekjuöflun vegna þess að verð á jarðefnaeldsneyti lækkaði mjög á heimsmarkaði. Nú hefur verð hækkað að nýju eftir Covid og innrás Rússa í Úkraínu þannig að tekjurnar í ár stefna í á bilinu 500-1.000 milljarða.

Daði Már Kristófersson, prófessor í auðlindahagfræði við Háskóla Íslands

Hvað er til ráða?

Rögnvaldur Hannesson og Daði Már Kristófersson, prófessor í auðlindahagfræði við Háskóla Íslands, eru á einu máli um að þegar ekki er hægt að byggja á áreiðanlegum upplýsingum um afkomu fyrirtækja sem nýta sameiginlegar auðlindir, sé fráleitt að byggja gjaldtökuna á afkomu þeirra.

Daði Már telur einu raunhæfu leiðina vera að selja réttindin (þ.e. aflahlutdeildina) og láta markaðinn um að ákvarða verðmæti þeirra.

Rögnvaldur tekur undir það með Daða Má og segist telja að eðlileg nálgun gæti falist í að bjóða upp tiltekið hlutfall aflahlutdeildarinnar á hverju ári. Hann nefnir 5 prósent og segir mikilvægt að hlutfallið verði ekki of stórt þar sem það myndi grafa undan fyrirsjáanleika í greininni.

Indriði Þorláksson, fyrrverandi ríkisskattstjóri, og Þórólfur Matthíasson, hagfræðiprófessor, hafa nýlega látið í ljós þá skoðun að eðlilegt veiðigjald útgerðarinnar fyrir aðgang að sameiginlegri þjóðarauðlind geti hlaupið á bilinu 40-60 milljarðar á ári.

Á síðasta ári námu heildarveiðigjöld útgerðarinnar 4,8 milljörðum. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni jókst eigið fé íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja um 100 milljarða í fyrra. Ef gjaldtaka ríkisins af íslenskum sjávarútvegi væri í takti við gjaldtöku norska ríkisins af norska olíuiðnaðinum, hefðu veiðigjöld numið á bilinu 55-60 milljörðum í fyrra, að mati Þórólfs Matthíassonar. ■

Kósý um verslunarmannahelgina

Gott verð fyrir alla í 20 ár
2002 – 2022

Kaliber ferðagasgrill

23.996
Áður ~~29.995~~ kr.

2 brennarar (5kW)
Grillflötur 53x37cm

20% AFMÆLISAFSLÁTTUR

20% AFMÆLISAFSLÁTTUR

Kaliber Silver II gasgrill
3 brennarar, (9 kW)
Grillflötur 54x41,5cm
38.796
Áður ~~48.495~~ kr.

20% AFMÆLISAFSLÁTTUR

Pallahitari IRS2020
29.596
Áður ~~36.995~~ kr.

TROTEC

Pallahitarar

20% AFMÆLISAFSLÁTTUR

Pallahitari IRS1510 SC
14.396
Áður ~~17.995~~ kr.

20% AFMÆLISAFSLÁTTUR

20% AFMÆLISAFSLÁTTUR

Pallahitari Trotec
14.396
Áður ~~17.995~~ kr.

Pallahitari IRS1200
15.196
Áður ~~18.995~~ kr.

15% AFMÆLISAFSLÁTTUR

Trotec hitablásari
TFH 19E: 2000W
3.226
Áður ~~3.795~~ kr.

Keramik Element TFC 19E
snúnings hitablásari
8.496
Áður ~~9.995~~ kr.

15% AFMÆLISAFSLÁTTUR

15% AFMÆLISAFSLÁTTUR

Rafmagnshitablásari
hobby 2000W 1.f.
1.951
Áður ~~2.295~~ kr.

10% AFMÆLISAFSLÁTTUR

Tengi fyrir ferðavagna **1.796** áður kr. ~~1.995~~
Tengi fyrir ferðavagna **1.913** áður kr. ~~2.125~~

Blástu lúsmýinu í burtu!

15% AFMÆLISAFSLÁTTUR

Blaðlaus vifta 100-240V
16.766
Áður ~~19.725~~ kr.

Mikið úrval af rakavörðum fjöltengjum IP44
Verð frá kr. 1.865

20% AFMÆLISAFSLÁTTUR

Kapalkerfi 10m **3.164** áður kr. ~~3.955~~
Kapalkerfi 15m **4.716** áður kr. ~~5.895~~
Kapalkerfi 25m **6.396** áður kr. ~~7.995~~
Kapalkerfi 50m **9.596** áður kr. ~~11.995~~

20% AFMÆLISAFSLÁTTUR

Kapalkerfi Pro 25m
7.996
Áður ~~9.995~~ kr.

MÚRBÚÐIN
Gott verð fyrir alla í 20 ár
2002 – 2022

Seðlabankar lásu rangt í aðstæður, að mati Jóns Daníelssonar hagfræðiprófessors.

Telur að mistök hafi verið gerð með aðgerðum seðlabanka í faraldrinum

Guðmundur Gunnarsson
ggunnars@frettabladid.is

Seðlabankar víða um heim mislásu stöðuna í heimsfaraldrinum og gerðu mikil mistök með því að prenta peninga og lækka vexti. Þetta er mat Jóns Daníelssonar hagfræðiprófessors. Hann telur mikilvægt að þeir fái ótvíræðan pólitískan stuðning til að vinda ofan af afleiðingum þessara mistaka.

„Þetta byrjaði allt árið 2008 þegar við fórum að beita peningaprentun til að leysa vandamál sem átti að leysa annars staðar. Stjórnmálamenn vilja almennt ekki breyta innviðum samfélagsins, þeir vilja bara fá skammtímalausnir og peningaprentun er slík skammtímalausn," segir Jón Daníelsson, prófessor í hagfræði við London School of Economics, en hann hefur verið gagnrýninn á aðgerðir stjórnvalda og seðlabanka, ekki síst síðustu ár og í gegnum heimsfaraldurinn.

„Þetta var stundað víða um heim í á annan áratug í kjölfar efnahagshrunsins. Fólk fór að trúa því að verðbólgan væri lág. En það náttúrulega breyttist allt árið 2020."

Jón segir alrangt að kenna heimsfaraldrinum alfarið um þann efnahagsvanda og verðbólgu sem við stöndum frammi fyrir í dag. Vandinn eigi sér lengri sögu. En það hve hratt hefur sigið á ógæfuhliðina megi rekja til þess hvernig seðlabankar mátu stöðuna í faraldrinum miðjum.

„Þeir einfaldlega mislásu aðstæður og gerðu mistök. Það er rótin að þessari háu verðbólgu."

Samkvæmt Jóni er mikilvægt að rýna stöðuna sem var í hagkerfinu á árunum frá hruni og fram að faraldri.

„Þegar komið er fram á árið 2020 er þegar heil holskefla peninga að sveiflast um í fjármálakerfum og hagkerfi heimsins. Það orsakaði eignabóluna sem við þekkjum. Heimsfaraldurinn var ekkert flókið fyrirbæri í efnahagslegu tilliti. Eftirspurnin einfaldlega minnkaði. Í staðinn fyrir að fara á veitingastaði eða í ferðalög þá sat fólk heima. En það þýðir, og lá alveg fyrir á þeim tíma, að fólk hætti að eyða en fór þess í stað að spara peninga. Það sama gerðu fyrirtæki. Þegar við sáum svo fyrir endann á faraldrinum flæddi þessi einkasparnaður út aftur og eftirspurnin flaug upp á heimsmarkaði."

> **Stjórnmálamenn vilja almennt ekki breyta innviðum samfélagsins, þeir vilja bara fá skammtímalausnir.**

Og þess vegna hafi verið rangt, samkvæmt Jóni, að lækka vexti og prenta peninga.

„Seðlabankarnir voru alltof uppteknir af því að horfa í baksýnisspegilinn, til krísunnar 2008, og beita meðölum sem reyndust farsæl þá. Málið er að Covid var bara ekki þess háttar krísa. Það var engu líkara en menn sæju bara eina tegund af krísu og eina tegund af aðgerðum. Það var einfaldlega kolröng ákvörðun að ræsa prentvélarnar við þær aðstæður."

Aðspurður segir Jón þetta þó ekki alveg algilt ef horft er til mismunandi viðbragða einstakra ríkja.

„Sum lönd gengu harðar fram en önnur. Við erum með dæmi um land sem las þetta rétt og það er Sviss. Enda er það eina landið í Evrópu sem er ekki að glíma við verðbólgu. Það liggur sem sagt alveg fyrir hvað hefði gerst.

Það land sem gekk hins vegar harðast fram í sínum aðgerðum var Bandaríkin. Aðgerðapakki Joe Biden, sem kom fram fyrir rúmu ári síðan og gekk meðal annars út á að senda ávísanir inn á öll heimili, var alfarið fjármagnaður með peningaprentun. Þar flæddu peningar bókstaflega út í bandaríska hagkerfið. Á sama tíma og hagkerfið var þegar komið í uppsveiflu eftir Covid.

Hin raunverulegu vandamál skapast þegar peningar, sem seðlabankinn prentar, skella á hagkerfinu á sama tíma og uppsafnaður sparnaður heimila og fyrirtækja. Þá blossar eftirspurnin upp og þess vegna erum við með allan þennan vöruskort í dag. Það gekk holskefla yfir markaðinn."

Að mati Jóns hefði þessi staða átt að vera öllum ljós. „Það var mjög hart sótt að seðlabönkum fyrir rúmu ári síðan og þeir hvattir til að grípa til mildandi efnahagslegra aðgerða. Þeir sem fylgjast með efnahagshorfum sáu hvað var að gerast. En peningastefnur og aðgerðir seðlabanka voru bara eins og aukaatriðið í stóra samhenginu. Svona miðað við allt annað sem gekk á. Þetta féll einhvern veginn í skuggann af svo mörgu öðru í þessu ástandi."

En Jón segir líka mikilvægt að dvelja ekki um of við það sem þegar hefur verið gert. Nú þurfi að skapa samstöðu um þær aðgerðir sem eru nauðsynlegar í dag.

„Nú er mikið talað um það hvort seðlabankar séu traustsins verðir. Þetta sér maður víða og þetta er hættuleg umræða. Það sem þarf að gera núna er að endurvekja traust til seðlabanka. Þeir þurfa að njóta nægilegs trausts til þess að vinda ofan af vandanum. Þeir þurfa að fá að hækka vexti stig af stigi því það er nauðsynlegt.

Evrópski seðlabankinn er til dæmis enn þann dag í dag með neikvæða vexti, sem er eiginlega alveg galið í tíu prósenta verðbólgu. Bandaríski seðlabankinn hefur þó gengið á undan og þá er mikilvægt að hafa í huga að Bandaríkin leiða peningastefnu annarra ríkja. Við fylgjum jafnan Bandaríkjunum í þessu. Það má alveg búast við því að vextir fari upp undir fimm til sjö prósent fyrir lok árs vestan hafs.

Evrópa, og Ísland þar með talið, mun þurfa að fylgja á eftir. Þannig að vextir eru sannarlega á uppleið. Við erum að horfa fram á aðgerðir sem munu hafa í för með sér mikinn samdrátt í hinu alþjóðlega efnahagslífi. Þess vegna þurfa seðlabankar að stíga fram, viðurkenna mistökin og útskýra þær aðgerðir sem þarf að grípa til."

En þá komum við að erfiðasta atriðinu að mati Jóns.

„Það verður að vera pólitískur stuðningur að baki þessum aðgerðum. Þótt við tölum alltaf um að seðlabankar séu sjálfstæðir þá eru þeir það auðvitað ekki. Þeir lifa í skjóli ríkisstjórna. En nú verða ríkisstjórnir að styðja seðlabankana í þessum erfiðu ákvörðunum. Ef það gerist þá munum við ná tökum á þessu.

En ef ríkisstjórnir vinna gegn hærri vöxtum og styðja ekki seðlabankana í sínum aðgerðum, þá mun verðbólgan einfaldlega festa sig í sessi og það þekkja fáir betur en við Íslendingar hve erfitt getur verið að vinda ofan af slíku ástandi. Þangað viljum við ekki fara."

En hve langan tíma mun það taka okkur að vinda ofan af ástandinu? Að því gefnu að gripið verði til nauðsynlegra aðgerða.

„Það er alltaf hægt að gera rétta hluti snemma og stíga fast inn. Ef við gerum það þá munum við ná tökum á þessu nokkuð hratt, svona í sögulegu samhengi. En ef, til dæmis, Evrópski seðlabankinn heldur áfram að sigla inn í þetta með enga, eða neikvæða, vexti þá mun það taka okkur mörg, mörg ár að vinda ofan af þessu," segir Jón Daníelsson hagfræðiprófessor að lokum. ■

> **Þótt við tölum alltaf um að Seðlabankar séu sjálfstæðir þá eru þeir það auðvitað ekki. Þeir lifa í skjóli ríkisstjórna.**

Í svalalokum erum við betri

Þú nýtur sólarinnar á öllum tímum árs með svalalokum frá Aðalgleri.

Aðalgler ehf

Aðalgler ehf.
Skeiðarás 10
210 Garðabæ

www.adalgler.is
Sími: 888-GLER (4537)
Netfang: adalgler@adalgler.is

Erró níræður

Sigmundur Ernir Rúnarsson
ser
@frettabladid.is

Einn af allra merkustu listamönnum þjóðarinnar stendur á níræðu – og er enn að í listsköpun sinni úti í París, hvar hann hefur búið og starfað í sex áratugi.

Líklega á enginn annar íslenskur myndlistarmaður fleiri verk á frægustu listasöfnum heimsins en Erró, enda er hann á meðal áhrifaríkustu popp-artista sinnar kynslóðar og ruddi að mörgu leyti brautina í nútímavæðingu myndmálsins þar sem ádeila á útrýmingarárattu siðblindra stríðsherra hefur löngum verið leiðarstefið.

Strákurinn frá Ólafsvík, sem ólst upp á Kirkjubæjarklaustri og fór ungur til náms í Noregi og síðar Flórens, er afkvæmi þessara áralöngu stríða sem settu ömurlegan svip á síðustu öld, en hann er einmitt fæddur á milli heimsstyrjaldanna. Heita má að óbeit Errós á öllum þeim heimsins ráðum sem vondir menn voru eilíflega að brugga á mótunarárum hans, hafi skilað sér með áhrifaríkasta móti í myndum listamannsins.

Stjórnlaust ófriðarbálið á síðustu öld, hvort heldur er síðari heimsstyrjöldin með gyðinganíði og kjarnorkusprengjum, ellegar Kóreustríðið, Alsírstríðið, Kúbudeilan, Víetnamstríðið, borgarastríðið í Suður-Afríku, stríðið í Júgóslavíu og Afganistan – og það er af nægu að taka – hefur myndgerst í verkum Errós svo eftir hefur verið tekið um allan heim – og þar er þjáning og skelfing óbreyttra borgara jafnan í forgrunni, en undirtónninn hefur alltaf verið ákall um frið.

Líklega hefur fáum listamönnum tekist að fanga betur allan þennan tilgangslausa trylling sem vanhæfir villimenn hafa löngum látið yfir þjóðir sínar ganga. Og einstakt og einstaklega þarft er allt það ævistarf Errós.

En lífshlaup hans á líka að vera landsmönnum áminning um mikilvægi listarinnar í lífi og menningu hverrar þjóðar, en þó ekki síður í sjálfsmynd hennar, því bragur og ágæti hvers samfélags verður ekki síst metið af kröftugu, frjálsu og framsæknu listalífi.

Og þar er kannski kjarninn í listrænu framlagi Errós kominn. Hann stendur einn á vinnustofunni sinni með pensilinn að vopni gegn öllum þessum misheppnaða stríðsrekstri sem hefur aldrei bitnað meira og lengur en á þeim sem síst skyldi, alþýðunni um allar jarðir.

Sem frjáls og stórhuga maður hefur hann beint þessum pensli gegn ráðríkustu rugludöllum í síðari tíma sögu mannkyns svo eftir stendur keisarans nekt og nöturleg vitneskja um að stríð er ekki svarið við samskiptavanda fólks.

Íslensk þjóð stendur í mikilli þakkarskuld við Erró. Og raunar heimsbyggðin öll. ■

> Líklega hefur fáum listamönnum tekist að fanga betur allan þennan tilgangslausa trylling sem vanhæfir villimenn hafa löngum látið yfir þjóðir sínar ganga.

Halldór

Frá degi til dags

ser@frettabladid.is

Kaupæði

Það á ekki af Íslendingum að ganga þegar kemur að því að kaupa sér eitthvað til ánægju og yndisauka. Þeir þurfa bara að sjá það, þá kaupa þeir það – og þótt það sé bara kötturinn í sekknum, þá er allt eins gott að eiga hann líka. Og eitthvað er það óendanlega dæmigert fyrir landann að kaupa sér núna gleraugu í tilefni árstímans sem eiga að heita eftirsótt lúxusvara, en eru, þegar vel er að gáð, barasta ódýrasta fjöldaframleiðsla frá einhverri borginni í Kína. Og kosta þaðan um hundrað krónur stykkið, en eru seld á Íslandi á átta þúsund.

Lífsstíll

Það er eitthvað í fari Íslendinga sem gerir þá upp með sér ef þeir þurfa að greiða meira fyrir vöruna en þeir ættu að gera, svona miðað við gæði og endingartíma. Þá er eins og þeir beri höfuðið hærra en þeir eiga vanalega að sér. Það er eitthvað í þjóðarsálinni sem gerir það að verkum að landsmenn fara heldur á bensínstöðina sem selur eldsneytið við hæsta verði en það lægsta. Og sömuleiðis þykir það fínna hér á landi að kaupa gasað vatn á hálfslítraflösku á tæpar 400 krónur á bensínstöð en á 90 krónur í Bónus. Íslendingum líður nefnilega ekki vel nema þeir borgi almennilega fyrir það. ■

Hvenær má treysta atvinnulífinu?

Vilhjálmur Árnason
þingmaður Sjálfstæðisflokksins og formaður umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis

> Hér áður fyrr var horft mikið upp til atvinnurekenda sem lögðu á sig mikla vinnu.

Það vantraust og sú tortryggni sem er að byggjast upp í samfélaginu okkar út í atvinnulífið og atvinnurekendur veldur mér miklum áhyggjum. Verkalýðshreyfingin kemur varla fram opinberlega án þess að gefa í skyn að það liggi fiskur undir steini hjá atvinnurekendum, grímulaus öfundsýki blossar upp við jákvæðar fréttir úr atvinnulífinu og á henni ala of margir fjölmiðlar og líka stjórnmálamenn til þess eins að innheimta fleiri klikk eða læk.

Hér áður fyrr var horft mikið upp til atvinnurekenda sem lögðu á sig mikla vinnu, tóku áhættu með sitt sparifé og lögðu jafnvel heimili sitt að veði til að skapa verðmæti fyrir sig og samfélagið. Þannig hafa einstaklingar í krafti frelsis til athafna stofnað fyrirtæki og skapað störf fyrir fólk sem tryggir fjölskyldum þess lífsviðurværi og velferð.

Allir hafa vonast eftir, eða barist fyrir, atvinnuuppbyggingu í sínu samfélagi. Það er þessi kraftur og hvati einstaklinganna til að byggja upp verðmætasköpun sem tryggir okkur það velferðarsamfélag sem við búum við í dag.

Þessi tortryggni hefur leitt af sér mikið vantraust, sem við sjáum í því miður of mörgum lögum og reglugerðum, risastórum eftirlitsiðnaði og auknum kröfum til atvinnulífs og stofnana. Kostnaðurinn sem þessu fylgir er íþyngjandi og ekki til að hjálpa atvinnulífinu fram á veginn. Samhliða þessu höfum við lagt ýmsar skyldur á fyrirtæki og stofnanir sem kallar á skýrsluskil sem kosta bæði peninga og tíma.

Endurstillingar er þörf, við þurfum að komast upp úr öfundsýkinni og hefja uppbyggjandi umræðu um það sem raunverulega skapar tækifæri, verðmæti og betri lífsgæði fyrir okkur öll. Viljum við auka velferðina í okkar samfélagi verðum við að hvetja til enn frekari atvinnuuppbyggingar og styðja við þá framtakssömu og tala það fólk upp en ekki niður. ■

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jón Þórisson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* , Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* . Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is*
VEFSTJÓRI: Einar Þór Sigurðsson *einarthor@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Guðmundur Gunnarsson *ggunnars@frettabladid.is*, **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Hörður Snævar Jónsson *hoddi@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Sæti 56

Af Kögunarhóli

Þorsteinn Pálsson

Samkeppnishæfni landsins er grundvöllur framfara. Samanburðarmælingar á henni taka til margra þátta eins og stjórnar efnahagsmála, innviða, menntunar og vísindarannsókna.

Utanríkisviðskipti eru stærri hluti af íslenskum þjóðarbúskap en almennt er meðal grannlandanna. Samkeppnishæfnin skiptir því meira máli fyrir íslenskan almenning en flestar þær þjóðir, sem við berum okkur helst saman við.

Öfugsnúið

Í þessu ljósi er það svolítið öfugsnúið að í grannlöndunum er samkeppnishæfni ríkari þáttur í pólitískri umræðu en hér.

Í síðustu kosningum tóku Samtök atvinnulífsins virkan þátt í kosningaumræðunni. Höfuðboðskapur þeirra var að skipta um stefnu í heilbrigðismálum. En þau töluðu ekkert um samkeppnishæfni atvinnulífsins.

Það gerði ASÍ ekki heldur þó að hagsmunir umbjóðenda þess velti líka á samkeppnishæfni Íslands.

Viðskiptaráð hefur aftur á móti sinnt þessu mikilvæga viðfangsefni um langan tíma, en því miður hvorki náð eyrum stjórnmálaflokka né annarra hagsmunasamtaka í nægjanlega ríkum mæli.

Framför

Í júní kynnti Viðskiptaráð úttekt IMD-háskólans í Sviss á samkeppnishæfni 63 ríkja. Hún er sögð vera umfangsmesta könnun af þessu tagi í heiminum.

Heildarniðurstaðan er að meðaltali góð fyrir Ísland. Við erum í 16. sæti á milli Þýskalands og Kína. Aftur á móti erum við talsvert neðar en önnur Norðurlönd, sem við jöfnum okkur þó helst til um lífskjör. Það er gul viðvörun.

Síðustu 10 ár höfum við bætt stöðu landsins á mörgum sviðum en fallið niður á öðrum. Mestar framfarir hafa orðið í aukinni skilvirkni atvinnulífs og opinberra aðila. Í samfélagslegum innviðum höfum við lítils háttar bætt okkur í menntun en ekki náð að bæta vísindalega innviði nægjanlega.

Samkvæmt mati svissneska háskólans hafa skattastefna og fjármál ríkis og sveitarfélaga verið hemill á meiri framfarir í opinberri skilvirkni.

Afturför

Þegar kemur að efnahagslegri frammistöðu höfum við á hinn bóginn dregist verulega aftur úr öðrum þjóðum síðustu 10 ár. Þar er Ísland í 56. sæti og hefur fallið niður um tólf sæti.

Þetta er rautt spjald á stjórn efnahagsmála.

Við höfum bætt okkur lítillega í landsframleiðslu á hvern vinnandi mann og atvinnustig er hærra. Varðandi samanburð á verðlagi er Ísland aftur á móti verr statt en fyrir áratug.

En mestu skiptir að við erum allt að 30 sætum neðar en önnur Norðurlönd þegar kemur að alþjóðaviðskiptum og erlendri fjárfestingu. Þetta eru þeir lykilþættir í þjóðarbúskap okkar, sem mestu skipta.

Lífskjör, sem jafnast á við önnur Norðurlönd, verða ekki sjálfbær til lengdar meðan alþjóðaviðskipti og erlend fjárfesting eru í botnsætum í víðtækum samanburði af þessu tagi.

Dvínandi tiltrú

Hagfræðingar Viðskiptaráðs segja í grein í Vísbendingu að þetta bendi til að tiltrú umheimsins á íslenska hagkerfið fari dvínandi. Það er alvarlegt umhugsunarefni.

Engin ein tæknileg skýring er á þessari öfugþróun. Fjármálastjórnin hefur ekki aukið traust og í einhverjum mæli er regluverkið hindrun.

En óstöðugur gjaldmiðill, sem er ónothæfur utan lögsögumarka, er augljóslega stór þrándur í götu bættrar stöðu í alþjóðaviðskiptum og frekari erlendra fjárfestinga.

Í raun segir það alla söguna að stærsta ríkisfyrirtækið, Landsvirkjun, notar ekki ríkisgjaldmiðilinn.

Það er eitt helsta viðfangsefni stjórnmálanna og vinnumarkaðarins að leysa umræðuna um þau vandræði, sem gjaldmiðillinn veldur, úr viðjum ríkjandi þöggunar.

Atvinnulífið sjálft ræður miklu um framvinduna. En pólitísk stefna skiptir þó sköpum.

Ný hugsun

Við höfum náð góðum árangri á mörgum sviðum, sem samanburðurinn nær til. Það er stjórn efnahagsmála, sem hefur brugðist. Vandinn snýst ekki um hæfileika þeirra, sem ábyrgðina bera. Afturförin liggur í hugmyndafræðinni.

Á samanburðartímanum síðustu tíu ár hefur íhaldshugmyndafræði verið um of ráðandi. Það hefur skort frjálslynda hugsun, trú á fjölþjóðlega samvinnu og skilning á mikilvægi almannahagsmuna. Næstu tíu ár þarf sannfæring fyrir þessum hugmyndum að verða ríkjandi í ríkisstjórn en ekki víkjandi.

Pólitísk stefnubreyting er óhjákvæmileg.

Ný hugsun er forsenda árangurs. Fyrir næstu kosningar þarf að skapa meira rými fyrir frjálslynda hugmyndafræði. Sú rökræða ætti að hefjast strax.

Ísland á að standa jafnfætis öðrum Norðurlöndum á þessu sviði sem öðrum. ■

Hagfræðiprófessor á villigötum

Birkir Leósson
löggiltur endurskoðandi

Í Fréttablaðinu 15/7 2022 birtist grein eftir hagfræðiprófessor við hinn virðulega Háskóla Íslands. Greinin fjallar að stórum hluta um fagleg vinnubrögð við endurskoðun á ársreikningi sjávarútvegsfélagsins Vísis hf. 2013 og hvað kemur fram í áritun endurskoðenda á hann. Það ber að þakka opinbera efnislega umræðu um reikningsskil og endurskoðun en gagnrýni verður að standa undir nafni sem slík.

Það er alvarlegt mál þegar kennimaður á háskólastigi dæmir fagaðila seka um hroðvirkni og saknæmt athæfi við endurskoðun á þýðingarmiklum fjárhagsupplýsingum. Þessar ávirðingar, ef réttar væru, ættu að leiða til réttindamissis til endurskoðunar. Það hefði verið gott innlegg í málið hjá prófessornum að ræða efnisatriði þess fyrir greinarskrifin við okkur endurskoðendur ársreikningsins, en ugglaust hefur það ekki þótt henta málstaðnum. Orðfærið og efnisnálgunin sem prófessorinn notar í grein sinni er hins vegar upplýsandi ein og sér.

Undirritaður getur ekki setið undir svo alvarlegum ávirðingum og vill upplýsa prófessorinn um það sem hann skilur ekki eða vill ekki skilja.

Stjórnendur leggja fram ársreikning og hlutverk endurskoðanda er að láta í ljós í áritun sinni álit á honum og hvort hann sé gerður í samræmi við lög og reglur sem um hann gilda. Um ársreikninga gilda lög, reglur og alþjóðlegir staðlar og um endurskoðun gilda allt önnur lög, reglur og alþjóðlegir staðlar. Í áritun endurskoðanda í umræddum

ársreikningi kemur ekkert það fram sem prófessorinn telur sig hafa eftir okkur í grein sinni. Niðurstaða áritunarinnar var að ársreikningurinn gæfi glögga mynd í samræmi við lög um ársreikninga. Hvergi vísar prófessorinn til laga eða staðla sem ættu að hafa verið virt að vettugi.

Prófessorinn sakar okkur um að hafa „komist að niðurstöðu án þess að rannsaka málið í botn“. Hann færir engin rök fyrir máli sínu, í hverju vinnubrögðum á að vera áfátt. Um endurskoðun og endurskoðendur gilda strangar reglur og kröfur auk gæðaeftirlits. Þá vísast einnig til lögmæltra vinnupappíra sem við þurfum að útbúa til að að sanna ágæti vinnubragða okkar. Á meðan þeir vinnupappírar hafa ekki verið skoðaðir og léttvægir fundnir þá er einfaldlega ekki hægt að komast að þeirri niðurstöðu sem prófessorinn telur sér sæma.

Prófessorinn segir: „Þetta telst víst góð endurskoðunarvenja í íslensku samhengi að skilja með þessum hætti við ársreikninginn, þó svo það rýri mjög upplýsingagildi reikningsins.“ Umræddur ársreikningur var gerður í samræmi við íslensk lög um ársreikninga sem aftur byggja á löggjöf Evrópusambandsins og eru því sambærileg við það sem gildir í öllum EES-löndunum. Lögin vísa síðan til alþjóðlegra reikningsskilastaðla varðandi það sem ekki er fjallað um í þeim. Endurskoðun var unnin í fullu samræmi við lög og alþjóðlega endurskoðunarstaðla.

Hagfræðiprófessorinn virðist skorta skilning á að fara þurfi að þeim lögum og reglum sem eru í gildi á hverjum tíma og virðist telja að hugmyndir og skoðanir hans gildi umfram lög og reglur. Hann telur að efnahagsreikningur eigi að endurspegla „raunverulegt“ virði félaga á hverjum tíma. Það er rangt hjá prófessornum. Ársreikningurinn í heild sinni og þar með efnahagsreikningur á að endurspegla það sem gildir samkvæmt lögum og reglum sem hann er byggður á. Það er andstætt bæði lögum um ársreikninga og alþjóðlegum reikningsskilastöðlum að færa til eignar áunnin óefnisleg réttindi. Væri það samt gert í ársreikningi, eins og prófessorinn heldur fram að eigi að gera, þá bæri endurskoðendum að benda á það frávik í áritun sinni.

Hugtakið varúð hefur hér mikinn þunga. Ástæða þess að ekki er heimilt að nota aðferðir sem prófessorinn virðist telja einboðnar er að félögum er ekki heimilt að blása út eignir sínar að geðþótta eins og prófessorinn virðist boða. Ómælt tjón hefur af slíku hlotist og má minnast þess að bæði við bankahrunið 2008 og heimskreppuna miklu 1929 kom

> **Hagfræðiprófessorinn virðist skorta skilning á að fara þurfi að þeim lögum og reglum sem eru í gildi á hverjum tíma og virðist telja að hugmyndir og skoðanir hans gildi umfram lög og reglur.**

í ljós að eignamat í ársreikningum stóð ekki alltaf undir nafni. Væru óraunsæjar hugmyndir prófessorsins um eignamat í reikningsskilum framkvæmdar, teldust þær til fjárglæfra.

Niðurstöður ársreiknings sem gerður er samkvæmt lögum og reglum kallar prófessorinn „pappírstap og skáldskap“. Hann má auðvitað hafa sínar skoðanir en það sæmir ekki prófessor við virtan háskóla að bera fram þau ósannindi að „fyrir liggi yfirlýsing endurskoðenda fyrirtækisins Vísis hf. þess efnis að efnahagsreikningurinn sé plat, skáldskapur!“. Þessi meinta yfirlýsing er hvergi til nema í huga prófessorsins.

Hagfræðiprófessorinn ófrægir ekki einungis okkur endurskoðendur í grein sinni heldur einnig þá ríkisstarfsmenn sem unnu við afgreiðslu umsókna um afslætti af veiðigjaldi á sínum tíma. Það gerir hann, þó ekkert bendi til annars en að þeir hafi þar fylgt landslögum af kostgæfni.

Hagfræðiprófessorinn telur greinilega ekki þörf á að rannsaka mál sem hann fjallar um, beitir ósannindum og ófrægir menn að ósekju, allt í nafni stöðu sinnar hjá hinum virðulega Háskóla Íslands. Er það virkilega bara í lagi? ■

Framtíðarstjörnur Íslands

Aron Guðmundsson
aron@frettabladid.is

Íslenska landsliðið í knattspyrnu komst því miður ekki upp úr riðli sínum á Evrópumótinu á Englandi þrátt fyrir að hafa ekki tapað leik á mótinu. Svekkelsið var mikið en þó er hægt að finna ljósa punkta í frammistöðu liðsins á mótinu og ljóst að efniviðurinn til frekari afreka og þátttöku á stórmótum er til staðar. Hér verður varpað ljósi á nokkra framtíðarleikmenn íslenska landsliðsins sem tóku þátt á mótinu, listinn er ekki tæmandi.

Amanda Jacobsen Andradóttir

18 ára miðjumaður
Kristianstad

Amanda spilaði aðeins rúmar tíu mínútur fyrir Ísland á Evrópumótinu en gat á þeim mínútum sýnt snilli sína. Þarna er á ferðinni virkilega spennandi miðjumaður sem mun án efa leika stórt hlutverk í íslenska landsliðinu í framtíðinni.

Amanda spilaði aðeins rúmar tíu mínútur fyrir Ísland á Evrópumótinu en gat á þeim mínútum sýnt snilli sína.

Áslaug Munda Gunnlaugsdóttir

21 árs bakvörður
Breiðabliki

Virkilega öflugur bakvörður sem steig sín fyrstu skref á stórmóti með íslenska landsliðinu á EM. Leiða má líkur að því að Áslaug fylli upp í skarðið í bakvarðarstöðunni sem Hallbera Guðný skilur eftir sig, en sú síðarnefnda hefur lagt landsliðsskóna á hilluna.

Leiða má líkur að því að Áslaug fylli upp í skarðið í bakvarðarstöðunni sem Hallbera Guðný skilur eftir sig.

Karólína Lea Vilhjálmsdóttir

20 ára miðjumaður
Bayern München

Karólína spilaði stórt hlutverk með landsliðinu á EM, byrjaði alla leiki liðsins og spilaði bróðurpart þeirra. Hún var með bestu leikmönnum íslenska landsliðsins á mótinu og kom mörgum skemmtilega á óvart. Karólína mun með meiri reynslu aðeins vaxa sem leikmaður og verður stór hluti af íslenska landsliðinu á komandi árum.

Alexandra Jóhannsdóttir

22 ára miðjumaður
Eintracht Frankfurt

Tók þátt í tveimur leikjum Íslands á EM og hefur verið reglulegur þátttakandi í leikjum liðsins í undankeppni HM. Þrátt fyrir ungan aldur er Alexandra margreyndur leikmaður sem spilaði sinn fyrsta landsleik aðeins 17 ára gömul. Hún hefur meðal annars orðið Íslandsmeistari í tvígang og bikarmeistari hér á landi einu sinni.

Þrátt fyrir ungan aldur er Alexandra margreyndur leikmaður sem spilaði sinn fyrsta landsleik aðeins 17 ára.

Agla María Albertsdóttir

23 ára kantmaður
Häcken

Hefur leikið stórt hlutverk í Íslenska landsliðinu og var meðal annars hluti af íslenska landsliðinu á EM 2017 þá aðeins 18 ára gömul. Agla átti flotta spretti á EM í mánuðinum og fór út í atvinnumennsku fyrr á árinu.

Agla átti flotta spretti á EM í mánuðinum og fór út í atvinnumennsku fyrr á árinu.

Sveindís Jane Jónsdóttir

21 árs sóknarmaður
Vfl. Wolfsburg

Sveindís er nú þegar meðal bestu knattspyrnukvenna Íslands og hefur látið til sín taka á stærsta sviði Evrópuboltans, Meistaradeild Evrópu. Sveindís verður algjör lykilleikmaður í árangri íslenska kvennalandsliðsins næstu árin.

Sveindís er nú þegar meðal bestu knattspyrnukvenna Íslands.



Cecilía Rán Rúnarsdóttir

18 ára markvörður
Bayern München

Cecilía Rán meiddist því miður skömmu fyrir EM en ljóst er að þarna er á ferð gífurlega spennandi og efnilegur markvörður sem hefur fengið smjörþefinn af átökunum með íslenska landsliðinu í undankeppni HM. Cecilía er nýbúin að skrifa undir langtímasamning við þýska stórveldið Bayern München.

Cecilía er nýbúin að skrifa undir langtímasamning við þýska stórveldið Bayern München.

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

FIMMTUDAGUR 21. júlí 2022

Ætli sokkabuxur úr plöntunæloni verði aðeins minna einnota en þær eru í dag? FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Framtíðin er úr plöntunæloni

jme@frettabladid.is

Fyrirtækin Genomatica (Geno) og Aquafil hafa nú fullklárað fyrstu prufuframleiðslu á nylon-6 sem framleitt er með hjálp plantna. Plöntunæloninu er ætlað að hafa veruleg áhrif á 300 billjarða króna iðnað, sem telur allt frá framleiðslu á fatnaði til bílahluta og gólfmotta.

Geno beislar líffræði til þess að endurgera hversdagslega hluti og hráefni í þágu plánetunnar. Í baráttunni gegn loftslagsvánni þróar Geno sjálfbær hráefni sem eru unnin úr úrgangi eða plöntum í stað jarðefnaeldsneytis. Aquafil var stofnað árið 1965 og er einn helsti framleiðandi nælons á Ítalíu og á alþjóðavísu. Fyrirtækið er staðsett í sjö löndum í þremur heimsálfum.

Uppfylla kröfur neytenda

Christopher Schilling, framkvæmdastjóri Geno, segir: „Nú taka vörumerki á alþjóðavísu almennilega þátt í að nota sjálfbær hráefni í vörur sínar. Við byggjum stefnufastar, rekjanlegar og gagnsæjar aðfangakeðjur, í þessu tilfelli fyrir nylon-6, til þess að uppfylla kröfur neytenda um sjálfbærari vörur og bjóða upp á hráefnislausnir sem hjálpa vörumerkjum að uppfylla ESG (Environmental, Social and Governance) markmið sín.

Giulio Bonazzi, framkvæmdastjóri Aquafil, segir: „Heimurinn þarf á allri nálgun að halda sem snýr að því að gera aðfangakeðjur sjálfbærari, að búa til nælon með lífrænum hætti er lykilatriði í því.“ ■

Það eru miklir pólar í mínum stíl

Salka Valsdóttir er í hljómsveitunum Reykjavíkurdætrum og Cyber og hefur gert tónlist fyrir verk í Þjóðleikhúsinu. Hún er hrifin af notuðum fötum og finnst gaman að leika sér með stíl.

Tónlistarkonan Salka Valsdóttir segir að stíllinn hennar heima við og stíllinn hennar þegar hún spilar á tónleikum, sé mjög ólíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

oddurfreyr@frettabladid.is

Það er mikið að gera hjá Sölku um þessar mundir. Reykjavíkurdætur gefa út nýtt lag á morgun og eru að spila mikið þessa dagana ásamt því að vinna í nýrri plötu og Cyber er líka að vinna að nýrri plötu. Salka er einnig að vinna að nýju verki fyrir Þjóðleikhúsið, ásamt því að sinna verkefnum fyrir kvikmyndir.

Mikill húmor í nýja laginu

Nýja lagið frá Reykjavíkurdætrum heitir Sirkus.

„Við sömdum þetta lag í heimastúdíóinu mínu. Okkur fannst fyndið að semja lag þar sem við erum allar eins og atriði í farandsirkus, ein væri kraftakona, önnur væri skeggjuð kona og svo framvegis. Það var upphaflega hugmyndin en svo síuðust önnur þemu hægt og rólega inn,“ segir Salka. „Við erum að gera alls konar fyndnar vísanir í sirkustónlist og það er fyndin dýnamík í laginu og Steiney leikur sirkuskynni sem kynnir alltaf næsta vers inn. Við þurfum eiginlega að gera eitthvert rosalegt myndband fyrir þetta.

Við ætlum að gefa út nokkrar smáskífur á þessu ári og svo kemur plata á næsta ári. Við vorum að koma úr stuttum Evróputúr og erum að fara til Bandaríkjanna í október og svo ætlum við í stærri túr til að fylgja nýju plötunni eftir,“ segir Salka. „Við erum líka að spila mjög mikið innanlands núna. Við spilum á Druslugöngunni á laugardaginn og svo á Þjóðhátíð og á Innipúkanum. Þegar við byrjuðum fengum við misjafnar viðtökur og það var eiginlega ljóst að það var ekki mikið pláss fyrir okkur á Íslandi, en núna erum við að fá það mikið af giggum á Íslandi að við gætum verið að vinna við þetta hér, sem er alveg mjög nýtt.“

Smáskífa frá Cyber í ágúst

Salka segir að Cyber, sem spilaði á LungA um síðustu helgi, sé að vinna að nýrri plötu sem heitir Sad.

„Þetta er svona „teenage angst“ plata, þannig að við erum eiginlega að skipta um tónlistarstefnu, en það er svo sem ekkert nýtt fyrir Cyber,“ segir hún. „Það verður spennandi og fyrsta smáskífan kemur út í næsta mánuði, en við erum búin að leka henni á hina og þessa, svo hún er á sveimi.“

Styrkleikarnir nýtast í leikhúsi

Salka hefur líka verið að vinna fyrir Þjóðleikhúsið.

„Ég var ráðin til að tónlistarstýra Rómeó og Júlíu, sem var verk á Stóra sviði Þjóðleikhússins á síðasta leikári. Upphaflega stóð til að þetta væri þriggja mánaða verkefni, en svo kom Covid sem lengdi

þetta og þegar ferlið var komið í gang var ákveðið að ég þyrfti að vera á sviðinu að flytja tónlistina, svo endaði þetta með því að vera árslangt verkefni. Þannig að ég flutti eiginlega óvart heim til Íslands frá Berlín í gegnum þetta," segir Salka. „Við byrjuðum svo á öðru verki, sem heitir Án titils, og er þróað í samstarfi við nokkra Íslendinga sem eru ekki hvítir og hafa því öðruvísi upplifun af því að alast upp sem Íslendingur. Handritið er í vinnslu en verkið fer líklega ekki á svið fyrr en á þarnæsta leikári.

Ég fíla mjög mikið að vinna í leikhúsi. Mamma er leikmyndahönnuður og pabbi er leikari, svo ég var alltaf uppi í leikhúsi þegar ég var krakki. Ég byrjaði svo að vinna í sjoppunni þegar ég var 16 ára og fór svo í ljósadeildina og hægt og rólega yfir í hljóðdeildina eftir að ég fór að læra hljóðtækni," segir Salka. „Leikhús hefur því alltaf verið hluti af vinnunni minni og mér finnst mjög gaman að búa til tónlist fyrir leikhús. Mér finnst styrkleikarnir mínir nýtast mjög vel þar."

Fötin endurspegla ekki kjarnann

Þegar kemur að fatastílnum hennar segir Salka að það sé lítið samræmi í honum.

„Ef ég er í stuði er ég oft að prófa hluti og í fer í frekar æpandi föt og blanda ýmsu saman. En svo þegar ég er að vinna mikið heima, eins og núna, bý ég hálfpartinn í Jurassic Park-náttbuxunum mínum og er í stuttermabol með snúð og gleraugu," segir hún. „Það er fyndið að ég sé sjálfa mig þannig, en svo þegar ég er að fara að spila eða hef

> **Ef ég er í stuði er ég oft að prófa hluti og fer í frekar æpandi föt og blanda ýmsu saman. En svo þegar ég er að vinna mikið heima, eins og núna, bý ég hálfpartinn í Jurassic Park-náttbuxunum mínum.**
>
> Salka Valsdóttir

eitthvert tilefni til að gera mig til er ég mjög ólík manneskja. Það eru miklir pólar í mínum stíl.

Ég er hrifin af grænum, brúnum, drapplituðum og öðrum jarðlitum, en ég klæðist fötum í mjög ólíkum litum. Mér finnst gaman að nota föt til að ákveða hvern ég ætla að leika í dag að einhverju leyti," segir Salka. „Fötin og stíllinn minn endurspegla ekkert endilega hver ég er í kjarna mínum, það er bara ég nakin heima að elda egg, en fötin mín eru oft meira leikhús."

Hætt að spá í merkjavöru

„Ég pæli miklu minna í merkjum en þegar ég var unglingur. Þá fannst mér eins og það væri glæsilegra að vera í merkjavöru og það væri þess virði að eyða peningum í hana, en í dag er mér alveg sama um það. Það er gott að frelsa sig undan því og talsvert ódýrara líka," segir Salka og hlær. „Núna kaupi ég eiginlega bara notuð föt og leita mikið að fötum sem mér finnst einstök og ég gæti ekki keypt í búð þar sem allt er fjölda-

Salka segir að hún sé hrifin af grænum, brúnum, drapplituðum og öðrum jarðlitum, en klæðist engu að síður fötum í alls kyns ólíkum litum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

framleitt, heldur hafa sögu, eru úr efni sem mér finnst hafa áhugaverða áferð eða gæti verið gaman að blanda við eitthvað annað.

Þannig að stíllinn minn hefur þróast frá því að vera innantómur og snúast um hvað öðrum finnst flott, yfir í hvað mér finnst spennandi áferðarlega séð og finnst dýrmætt eða fallegt og langar að eiga að eilífu," útskýrir Salka.

Tónlistarkonur móta stílinn

„Áður las ég tískublöð mikið til að fylgjast með því sem var í gangi, en núna fylgist ég eiginlega bara með tískunni á samfélagsmiðlum. Ég skoða TikTok-aðganga hjá hönnuðum og þar sem fólk er að fjalla um götutísku í ákveðnum borgum og þess háttar. En ég sé líka bara rosa mikið af tísku úti um allt án þess að vera að reyna það," segir Salka. „Ég reyni samt að velta ekki of mikið fyrir mér hvað er í tísku og það er bara tilviljanakennt hvort klæðnaðurinn minn er í tísku eða ekki.

Það eru hins vegar margar tónlistarkonur sem ég lít upp til vegna listarinnar þeirra sem hafa svolítil áhrif á stílinn minn, til dæmis Caroline Polachek og Sevdaliza og mikið af raftónlistarkonum sem eru oft að vinna með blöndu af mjög ýktri tísku og fötum sem eru augljóslega notuð," segir Salka. „Ég og Jóhanna, besta vin mitt og hinn helmingurinn af Cyber, höfum líka alltaf espað hvort annað upp í hvernig við klæðum okkur, hán hefur haft mikil áhrif á hvernig ég klæði mig."

Ódýr föt í uppáhaldi

„Ég kaupi fötin mín langmest í Verzlanahöllinni, Hringekjunni, fatamarkaðnum á Hlemmi og öðrum nýrri búðum sem selja notuð föt," segir Salka. „Uppáhaldsbúðin mín var Rauðakrossbúðin sem var við Skólavörðustíg, en hún var að hætta, sem er mjög sorglegt.

Bestu fatakaupin mín eru líklega kjóll sem ég sá í búð í Berlín og langaði rosalega mikið í, en hann kostaði 400 evrur, svo ég keypti hann ekki. En ég sá eftir því og tékkaði aftur á honum en þá var sagt að hann væri seldur, svo ég gafst upp. Ég sá hann svo auglýstan í netsölu í Covid og þá var hann kominn niður í 55 evrur," segir Salka. „Ég sendi skilaboð, en þá voru þegar þrír viðskiptavinir á leiðinni að koma að máta hann. En hann passaði ekki á neinn þeirra, svo ég fékk hann. Þetta var mjög eftirminnilegt, því það var svo ótrúlega ólíklegt að ég myndi fá hann, en samt gekk það upp.

Ég á líka einn ljósbrúnan karlmannsjakka úr ull með risa axlapúða sem var mjög góð kaup því ég keypti hann á eina evru í Berlín og hef notað hann á næstum hverjum degi síðan," segir Salka. „Það er ein af uppáhaldsflíkunum mínum.

Verstu fatakaupin mín voru hins vegar örugglega Alexander McQueen-pils sem ég keypti á afslætti en var samt frekar dýrt. Ég var í því á afmælinu mínu 1. ágúst í fyrra en rennilásinn eyðilagðist fyrsta kvöldið," segir Salka. „Ég er mjög lengi að fara með föt í viðgerð þannig að það er enn þá ofan í skúffu."

Notar ósamstæða eyrnalokka

Salka er hrifin af því að nota hálsmen og ósamstæða eyrnalokka.

„Ég á til dæmis eitt hálsmen sem ég nota mikið, sem skartgripasmiður í New York smíðaði fyrir mig sem er með lítilli tölvu sem á stendur Cyber. Hún bjó til nokkra skartgripi fyrir mig sem tengjast einhverju í lífi mínu sem ég vildi fagna," segir hún. „Svo vinn ég líka mikið með að vera með sitt hvorn eyrnalokkinn. Ég á mjög stórt safn af alls konar skrítnum eyrnalokkum og litla systir mín er líka skartgripahönnuður, svo ég fæ oft að ræna af henni.

Ég nota líka nokkur önnur hálsmen og belti og á fullt af alls konar töskum," segir Salka. „En ég er löt að færa dótið mitt á milli þeirra svo ég tek yfirleitt svona mánuð í einu með hverja þeirra og breyti svo til." ■

Q'NEEL skyrta
Fæst líka í bláu - Stærðir 40-52
Verð áður 19.980 kr
Útsöluverð 14.985 kr

Q'NEEL skyrta
Fæst líka í rauðu - Stærðir 38-52
Verð áður 29.980 kr
Útsöluverð 22.485 kr

NO SECRET kjóll með pífu
Stærðir 42-56
Verð áður 12.980 kr
Útsöluverð 9.086 kr

YESTA bolur
Stærðir 44-58
Verð áður 7.980 kr
Útsöluverð 3.990 kr

ZE ZE Jackey skyrtukjóll
Fæst líka í bláu - Stærðir 38-40
Verð áður 10.990 kr
Útsöluverð 5.495 kr

yesta yest no secret Q'neel ROBELL ZHENZI ZE·ZE Nordic Que

ZHENZI Amme úlpa - vendingur
Fæst líka í svörtu - Stærðir 46-52
Verð áður 14.990 kr
Útsöluverð 10.493 kr

ZE ZE jakki
Stærðir 40-48
Verð áður 5.990 kr
Útsöluverð 2.995 kr

YEST/YESTA skyrta
Stærðir 42-52
Verð áður 10.980 kr
Útsöluverð 7.686 kr

ZE ZE Sleepy náttkjóll
Fæst í fleiri litum - Stærðir 42-46
Verð áður 5.990 kr
Útsöluverð 3.594 kr

ZE ZE Sleepy náttbolur - buxur
Fæst í fleiri litum - Stærðir 38-48
Bolur - Verð áður 4.990 kr - Útsöluverð 2.994 kr
Buxur - Verð áður 6.990 kr - Útsöluverð 4.194 kr

SUNDAY by Godske festival DENMARK STUDIO GOZZIP SANDGAARD LASESSOR FRANDSEN tamaris HABELLA Jana

ZHENZI Shara skyrta
Fleiri litir til - Stærðir 42-56
Verð áður 9.990 kr
Útsöluverð 4.995 kr

ZE ZE Sanne buxur
Stærðir 36-46
Verð áður 7.990 kr
Útsöluverð 5.593 kr

Studio - hneppt peysa
Stærðir 40-54
Verð 9.980 kr
Útsöluverð 4.990 kr

Shiffon slæður – Ponsjó
Fæst í fleiri litum
Verð áður 4.990 kr
Útsöluverð 3.493 kr

Jana - götuskór
Fást líka í brúnu
Verð12.990 kr
Útsöluverð 9.093 kr

Verslunin Belladonna

belladonna

Líttu við á
belladonna.is

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

Ruglaðir rykfrakkar

Rykfrakkinn er og verður alltaf ein af grunnflíkum hvers fataskáps, fyrir hvaða kyn sem er. Þar sem hann má binda í mittið er hægt að skera út stundaglassvöxt ef viljinn er fyrir hendi. En hann er líka fallegur þegar hann fær að falla niður frjáls.

jme@frettabladid.is

Rykfrakkinn var einstaklega áberandi á tískupöllunum þar sem vor- og sumartískan var sýnd og heldur flíkin áfram að vera eitt af klæðilegustu tískutrendunum sem eru í gangi. Rykfrakkinn hefur líka komið sér vel í gráa sumrinu á Íslandi, nógu sumarlegur sem sumarflík en líka nógu hlýr til að nota með góðri peysu innanundir á kaldari sumardögum.

Flippaðir frakkar

Á tískupöllunum fyrr á árinu, þar sem haust- og vetrartískan var kynnt, var rykfrakkinn einnig áberandi, á nokkuð öðruvísi máta en við eigum að venjast. Sérstaklega var gaman að sjá hönnuði leika sér með frakkaformið, rugla aðeins í því og snúa því rækilega á haus. Rykfrakkinn fékk til dæmis að vera kjóll með korseletti hjá Dior, sem sýndi einnig þónokkrar aðrar framandi útgáfur af rykfrakkanum til viðbótar. Aðrir hönnuðir nýttu sér útklippitrendið sem hefur vakið eftirtekt upp á síðkastið og klipptu út göt í rykfrakkann sem kom einstaklega skemmtilega út. Allt í allt voru rykfrakkar tískupallanna fjölbreyttir í sniði, efnisvali og litavali, bæði sem yfirhafnir og sem aðalflíkin.

Það þarf því ekki að einskorða sig við einn drapplitaðan rykfrakka í fataskápnum. Hví ekki að skella sér á rykfrakkakjól? ■

Dior var með puttann á púlsinum í vetur fyrir rykfrakkaæðið í haust og sýndi nokkrar skemmtilegar útfærslur.

Á tískuvikunni í París í mars mátti sjá þennan gæjalega rykfrakka með útklipptum hliðum frá tískuhúsi Coperni.

Þessi sérstaki rykfrakki kemur úr smiðju Y/Project og á eftir að vera einstaklega flottur í haust.

Rykfrakkinn var upphaflega hannaður í fyrri heimsstyrjöldinni af breska hernum til notkunar í skotgröfunum. Þessi rykfrakki frá Jil Sander á tískuvikunni í París í janúar minnir um margt á fatnað liðsforingja í heimsstyrjöld framtíðarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Unglingalandsmót UMFÍ

FIMMTUDAGUR 21. júlí 2022

Coca-Cola Kjörís Lottó LINDEX SS TOYOTA TRS nettó

Lýðheilsa og fjölskyldan í fyrsta sæti á mótinu

Velkomin á Unglingalandsmót UMFÍ á Selfossi um verslunarmannahelgina!

Í góðum ævintýrum þurfa söguhetjurnar gjarnan að gera þrjár tilraunir til að ná árangri. Auðvitað tekst það alltaf í síðustu tilraun. Við hjá UMFÍ höfum þurft að fresta Unglingalandsmóti tvö ár í röð, en nú stendur þriðja atrennan yfir og er allt útlit fyrir að okkur takist að halda glæsilegt mót í ár.

Unglingalandsmót UMFÍ hafa farið fram reglulega frá árinu 1992 og árlega frá árinu 2002 um verslunarmannahelgina, og spanna þau því nú 30 ára sögu.

Að þessu sinni er Unglingalandsmótið haldið á Selfossi. Mótin hafa vaxið og sannarlega sannað gildi sitt sem glæsilegar fjölskyldu- og íþróttahátíðir, þar sem saman koma börn og ungmenni ásamt fjölskyldum sínum og taka þátt í fjölbreyttri dagskrá.

Unglingalandsmót UMFÍ er vímulaus fjölskylduhátíð þar sem börn og ungmenni á aldrinum 11–18 ára reyna með sér í fjölmörgum íþróttagreinum en samhliða er boðið upp á fjölbreytta afþreyingu, leiki og skemmtun fyrir alla fjölskylduna. Þátttakandi þarf ekki að vera í íþrótta- eða ungmennafélagi til þess að geta tekið þátt; allir geta verið með og lögð er áhersla á að keppendur taki þátt á sínum forsendum og hafi gleðina að leiðarljósi.

Lýðheilsan í fyrsta sæti

Í skýrslu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) frá því í vor kemur fram að yfir 60% Evrópubúa glíma við offitu og um þriðjungur barna er í sömu stöðu, þar sem hlutfallið fer hækkandi. Óheilbrigður lífsstíll hefur leitt til aukningar á langvinnum sjúkdómum í Evrópu og leiðir það til verulegs kostnaðar og álags á heilbrigðiskerfi Evrópuþjóða. Ljóst er að góð lýðheilsa er grundvöllur að farsælu lífi. UMFÍ leggur áherslu á öflugt íþrótta- og æskulýðsstarf og vill með því leggja sitt af mörkum til þess að búa komandi kynslóðum sem best heilsusamleg uppvaxtarskilyrði.

Markmið UMFÍ með Unglingalandsmótum er að bjóða upp á hefðbundnar íþróttagreinar en auk þess að kynna nýjar eða lítt þekktar greinar til leiks. Þannig viljum við stuðla að því að allir geti fundið eitthvað við sitt hæfi, sem hvatt getur til þátttöku og aukinnar hreyfingar.

Fjölskyldan nýtur lífsins saman

Unglingalandsmót UMFÍ er fjölskylduhátíð. Þar fá þátttakendur tækifæri til þess að njóta hreyfingar á heilbrigðum forsendum. UMFÍ er landssamband 26 sambandsaðila og 400 aðildarfélaga þeirra um land allt. Hlutverk UMFÍ er að efla, styrkja og byggja upp fólk, með skipulögðu íþrótta-, félags- og æskulýðsstarfi.

Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ. MYND/AÐSEND

Við viljum að allir geti tekið þátt í íþróttum og hreyfingu og verið hluti af öflugri liðsheild í samfélaginu. Þannig vinnum við saman að því að bæta heilsu landsmanna og samfélagið um leið. Fram undan er tími þátttakendanna þar sem mestu máli skiptir að mæta, vera með og reyna eitthvað nýtt. Á milli keppnisgreina njótum við þess að vera saman með fjölskyldunni og fylgjast með öðrum viðburðum sem í boði eru. Þannig virkjum við Ungmennafélagsandann sem felur í sér að bæta sjálfan sig og samfélagið um leið, en hann endurspeglast í gildum UMFÍ:

Gleði – Traust – Samvinna.

> Markmið UMFÍ með Unglingalandsmótum er að bjóða upp á hefðbundnar íþróttagreinar en auk þess að kynna nýjar eða lítt þekktar greinar til leiks.

Mestu skiptir að vera með

Unglingalandsmót UMFÍ er stór viðburður. Undirbúningur þess og framkvæmd kalla á samvinnu og mörg handtök. Hornsteinninn í mótahaldinu er góður vilji sveitarfélaga til að starfa með héraðssamböndum og íþróttafélögum í heimabyggð. Á móti veitir það þeim tækifæri til að laða að þátttakendur sem kynnast sveitarfélaginu og nýta þá þjónustu sem það hefur upp á að bjóða. Ég vil nota þetta tækifæri og þakka Sveitarfélaginu Árborg og starfsmönnum þess, sem að mótinu koma, sem og starfsmönnum og sjálfboðaliðum á vegum HSK og UMFÍ, sem hafa lagt hönd á plóg til að gera landsmót UMFÍ að þeim vinsæla viðburði, sem það jafnan er.

Góða skemmtun á Unglingalandsmóti UMFÍ um verslunarmannahelgina.

Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ ■

Þátttakendur ganga inn á völlinn.

Mótssetning og mótsslit

Unglingalandsmótið verður sett föstudaginn 29. júlí klukkan 20.00 á Selfossvelli. Æskilegt er að allir þátttakendur mæti á mótssetninguna og gangi inn á mótssvæðið með öðrum þátttakendum. Á setningunni verður mikið fjör, tónlist og dans. Þeir Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, og Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra, verða viðstaddir setninguna. Allir eru velkomnir á mótssetninguna, þátttakendur, foreldrar, systkini og bara allir sem vilja vera í góðum félagsskap.

Mótinu verður slitið á Selfossvelli 31. júlí, klukkan 23.45. Herlegheitunum lýkur svo með glæsilegri flugeldasýningu.

Allir með á mótinu

Börn og ungmenni á aldrinum 11–18 ára geta tekið þátt í keppnisgreinum á Unglingalandsmóti UMFÍ. Skráning er á heimasíðu UMFÍ; umfi.is. Skráningu lýkur mánudaginn 25. júlí. Þátttakendur og allir aðrir mótsgestir geta tekið þátt í afþreyingardagskránni. ■

Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, verður viðstaddur setningu mótsins.

Íþróttaveisla í allt sumar

Margt fleira er í gangi hjá UMFÍ en Unglingalandsmót UMFÍ. Í júní var haldið Landsmót UMFÍ 50+ fyrir fimmtíu ára og eldri.

Íþróttaveisla UMFÍ verður haldin nú í ágúst og september í samstarfi við Ungmennasamband Kjalarnesþings (UMSK).

Veislan samanstendur af fjórum skemmtilegum viðburðum sem allir fara fram á höfuðborgarsvæðinu.

Við hvetjum alla til að kynna sér viðburðina og taka þátt.

Hægt er að fá allar upplýsingar um viðburði á umfi.is. ■

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Jón Þórisson | Veffang: frettabladid.is

Búist við mörgum á Selfossi

Þórir Haraldsson hefur staðið vaktina nokkur ár í röð sem formaður framkvæmdanefndar Unglingalandsmóts UMFÍ. Hann mun vinna með fjölda sjálfboðaliða við fjölbreytt störf um verslunarmannahelgina.

Þórir Haraldsson, formaður framkvæmdanefndar Unglingalandsmóts UMFÍ á Selfossi.

„Við búumst við miklum fjölda keppenda og gesta á Selfoss um verslunarmannahelgina þegar mótið hefst. Unglingalandsmót UMFÍ krefst mikils af mótshöldurunum, bæði aðstöðu og síðan þarf margar hendur til að vinna við það," segir Þórir Haraldsson, formaður framkvæmdanefndar Unglingalandsmóts UMFÍ á Selfossi.

Þetta er þriðja árið í röð sem Þórir stendur í stafni við undirbúning mótsins. Eins og áður hefur komið fram var því frestað síðastliðin tvö ár af völdum faraldursins.

Þórir segir alla aðstöðu til fyrirmyndar á Selfossi. „Hér er frábær aðstaða fyrir fjölbreyttar keppnisgreinar, stórt tjaldsvæði verður við Suðurhóla þar sem keppendur og fjölskyldur þeirra gista frítt en greiða eingöngu fyrir rafmagn, risastórt samkomutjald, leiktæki og önnur aðstaða. En það sem skiptir máli er að flest keppnissvæði eru í góðu göngufæri frá tjaldsvæðinu og flestar greinar verða á íþróttavallarsvæðinu við Engjaveg.

Ókeypis strætó fyrir mótsgesti

Til að einfalda allar samgöngur og draga úr bílaumferð mun mótsstrætó ganga á milli tjaldsvæðis og íþróttasvæðisins ókeypis.

Þórir leggur áherslu á mikilvægi þess að allir leggi sitt af mörkum, dragi úr notkun einkabíla. „Til að forðast raðir á mestu ferðahelgi ársins bendum við þeim sem geta á að aka vestan frá um Þrengsli og inn að tjaldsvæðum frá Eyrarbakkavegi um Suðurhóla," segir hann og bætir við að auk þess sem mælst sé til þess að fólk noti aðrar leiðir til að fara á milli staða, verði mótið kolefnisjafnað með skógrækt. Þátttakendur á mótinu og aðrir mótsgestir geta lagt sitt af mörkum með plöntun birkiplantna sem mótið leggur til og verður plantað á golfvöll Golfklúbbs Selfoss. Þegar nær dregur móti verður sagt frá á hvaða tíma hægt er að koma og skemmta sér við að gróðursetja plönturnar.

Þórir býst sjálfur við að verða mikið á mótinu ásamt fjölda annarra sjálfboðaliða. Störf þeirra eru fjölbreytt og geta verið allt frá framkvæmd keppnisgreina til þjónustu við mótsgesti, þátttakendur og aðra gesti. „Það verður nóg um að vera og nóg að gera. Við bjóðum ungmenni og fjölskyldur þeirra velkomin til keppni og skemmtunar á Selfossi um verslunarmannahelgina!" segir Þórir Haraldsson að lokum. ■

Frábært forvarnarverkefni

„Hvar er betra að vera um verslunarmannahelgi en á Unglingalandsmóti UMFÍ? Sennilega hvergi. Mótið er vímulaus íþrótta- og fjölskylduhátíð sem hefur fyrir löngu sannað gildi sitt sem forvarnar- og fjölskylduhátíð. Það er einstök upplifun að taka á móti ungmennum sem koma á Unglingalandsmót UMFÍ. Þangað koma þátttakendur á mismunandi forsendum, sumir til að keppa en aðrir til að njóta þess að takast á í íþróttum. Þátttakendur koma til að hitta vini, eignast nýja vini, safna góðum minningum og síðast en ekki síst að verja helginni með fjölskyldunni," segir Ómar Bragi Stefánsson, framkvæmdastjóri móta UMFÍ

Ómar Bragi Stefánsson, framkvæmdastjóri móta UMFÍ.

„Það skiptir gríðarlega miklu máli að taka þátt í skipulögðu íþrótta- og tómstundastarfi. Þar hefur UMFÍ lagt sitt á vogarskálarnar í áratugi og stendur vaktina enn. Forvarnir skipta máli og þar þurfum við öll að standa saman. Við þurfum ávallt að vera vakandi.

Ungt fólk í dag er frábært. Það er svo miklu meðvitaðra um mikilvægi lýðheilsu en þegar við hin vorum ung. Þau munu senn taka við keflinu og halda áfram að gera samfélagið enn betra." ■

Atli Steinn Stefánsson frá Sauðárkróki.

Góðar minningar frá Unglingalandsmótum

„Ég mun ávallt eiga góðar minningar frá Unglingalandsmótunum og hvet alla til að mæta á það," segir Skagfirðingurinn Atli Steinn Stefánsson. Hann er fæddur árið 2005 og býr á Sauðárkróki. Atli Steinn var aðeins þriggja ára gamall þegar hann fór á sitt fyrsta Unglingalandsmót ellefu ára gamall í Borgarnesi árið 2016. Atli hefur tekið þátt í öllum mótunum síðan þá.

Hann fór reyndar með liðsfélögum sínum í fyrsta skipti og keppti með þeim. Eftir það hefur hann farið einn úr liðinu með fjölskyldunni. Hann fór ekki í liði heldur var settur í lið með jafnöldrum og kynntist hann þeim vel.

Atli hefur aðallega keppt í körfubolta og fótbolta en hefur líka keppt í skák og kökuskreytingum auk þess að prófa hitt og þetta sem í boði er á mótunum. Hann segir mikilvægt að fara aðeins út fyrir þægindarammann. Unglingalandsmót UMFÍ séu frábær vettvangur til þess.

Fjölskylda Atla hefur alltaf verið á tjaldsvæði mótanna og segir Atli að það sé gaman að vera þar, enda myndist þar útilegustemning samhliða keppninni.

„En síðan má ekki gleyma öllum kvöldvökunum í stóra tjaldinu þar sem frábært tónlistarfólk hefur komið fram. Unglingalandsmótið er svo miklu meira en mót. Það er viðburður fyrir alla fjölskylduna og það þurfa allir að upplifa," segir hann. ■

Um 400 sjálfboðaliðar koma til með að vinna á landsmótinu á Selfossi.

Takk, sjálfboðaliðar

Undanfarna mánuði hefur stór og öflugur hópur sjálfboðaliða unnið að undirbúningi Unglingalandsmóts UMFÍ á Selfossi.

Í raun má segja að undirbúningurinn hafi hafist haustið 2019 en vegna Covid-faraldursins var mótinu frestað í tvö ár. Síðasta haust var svo þráðurinn tekinn upp að nýju og nú verður loksins blásið til móts.

Gera má ráð fyrir að hátt í 400 sjálfboðaliðar komi að mótinu á einn eða annan hátt. Við eigum ykkur allt að þakka!

Við hvetjum þátttakendur og aðra mótsgesti til að bera virðingu fyrir sjálfboðaliðum á Unglingalandsmóti UMFÍ.

Mótshaldarar Unglingalandsmóts

Mótshaldarar Unglingalandsmótsins á Selfossi um verslunarmannahelgina 2022 eru Ungmennafélag Íslands (UMFÍ), Héraðssambandið Skarphéðinn (HSK) og Sveitarfélagið Árborg. ■

Flott tónlistaratriði

Það er heilmikil upplifun fyrir alla fjölskylduna að taka þátt í Unglingalandsmóti UMFÍ. Þar keppa 11–18 ára í íþróttum á daginn og svo getur öll fjölskyldan farið á tónleika á tjaldsvæðinu á kvöldin sem Unglingalandsmótið stendur fyrir.

Tónlistarsnillingar koma fram á Unglingalandsmótinu. Við verðum með Birni, Bríeti, DJ Dóru Júlíu, Friðrik Dór, Hr. Hnetusmjör, Sprite Zero Klan Jón Arnór og Baldur, Jón Jónsson, Siggu Ósk og Stuðlabandið. Allar upplýsingar um Unglingalandsmót UMFÍ eru á ulm.is. ■

Frikki Dór og Bríet eru meðal þeirra tónlistarmanna sem koma fram á mótinu á Selfossi.



Hvet allar barnafjölskyldur til að fara á Unglingalandsmót UMFÍ

„Fyrir nokkrum árum var sonur minn, þá tólf ára, með örstuttum fyrirvara, beðinn að vera með í fótboltaliði á Unglingalandsmóti UMFÍ. Við ákváðum að slá til. Við höfðum aldrei farið á Unglingalandsmót, svo það var ekki seinna vænna," segir Bjarnheiður Hallsdóttir frá Akranesi, sem er formaður Samtaka ferðaþjónustunnar.

„Fjölskyldan sér ekki eftir því að hafa skellt sér," segir hún.

„Drengurinn keppti í fótbolta, sundi og stafsetningu og hafði gríðarlega gaman af þessu. Mótið var mjög vel skipulagt, stemningin góð og upplifunin frábær fyrir alla fjölskylduna."

Bjarnheiður Hallsdóttir á Akranesi.

Bjarnheiður segir snilldina við Unglingalandsmót UMFÍ skýrast af því að það er við allra hæfi. Afreksfólk sem ætli sér stóra hluti geti tekið þátt með sama hætti og þau sem ekki leggi stund á hefðbundnar íþróttir.

„Síðan er dagskráin ótrúlega fjölbreytt og skemmtileg, allir geta tekið þátt á eigin forsendum," segir hún.

„Ég get af heilum hug mælt með landsmóti UMFÍ og hvet því allar barnafjölskyldur til að prófa og eiga saman ógleymanlega helgi." ■

Unglingalandsmótin eru geggjuð

„Það var aldrei spurning að fara á Unglingalandsmót hjá okkur, þetta var bara sjálfsagður hlutur, rétt eins og að jólin koma alltaf þá kom alltaf að Unglingalandsmóti. Þetta var ekki bara íþróttakeppnin heldur líka tónleikarnir á kvöldin og stemningin á tjaldsvæðinu," segir frjálsíþrótta- og afreksstelpan Eva María Baldursdóttir. Hún er fædd árið 2003 og býr ásamt fjölskyldu sinni á Selfossi.

Eva María var um tíu ára þegar hún byrjaði að æfa frjálsar íþróttir. Hún hefur haldið sig að mestu við þær síðan. Hástökk hefur verið hennar sérgrein og á hún Íslandsmet í flokki 16–17 ára (1,81 metri). Hún stefnir þó á að slá gamalt met Þórdísar Gísladóttur sem er 1,88 metrar.

Eva María Baldursdóttir er frá Selfossi.

Eva María fór fyrst á Unglingalandsmót UMFÍ á Sauðárkróki árið 2014 og hefur síðan þá farið árlega á mótin með fjölskyldu sinni. Hún mælir með því að allir skelli sér á Selfoss um verslunarmannahelgina og taki þátt í Unglingalandsmótinu.

„Þetta eru geggjuð mót! Það er svo rosalega gaman að það ættu allir að upplifa það. En svo má líka bara taka rúntinn á Selfoss og fylgjast með, hitta fólk og skoða bæinn okkar," segir hún að lokum. ■

Gaman að prófa nýjar greinar

Það hefur verið mesta tilhlökkunarefni sumarsins í mörg ár hjá okkur að fara á Unglingalandsmót UMFÍ. Mótin eru frábær skemmtun fyrir alla fjölskylduna yfir verslunarmannahelgina.

„Við eigum fjögur börn á aldrinum 4–15 ára sem öll hafa alist upp við það að skemmta sér víðs vegar um landið um verslunarmannahelgina í vernduðu umhverfi með endalausri afþreyingu og skemmtun. Það sem okkur finnst frábært er að það er svo margt í boði sem ekki er endilega verið að gera um hverja helgi allt sumarið. Þetta er ekki „enn eitt íþróttamótið" heldur er þetta sannkölluð fjölskylduhátíð," segir Jóhanna Íris Ingólfsdóttir frá Höfn í Hornafirði.

Jóhanna Íris á fjögur börn og allir bíða spenntir eftir Unglingalandsmótinu.

Beðið eftir að verða 11 ára

Tvö eldri börnin í fjölskyldunni æfa fótbolta og körfubolta. Jóhanna Íris segir mestu spennuna vera fyrir því að taka þátt í greinum sem ekki er verið að æfa. Þau hafi þess vegna tekið þátt í mörgu ólíku eins og upplestri, strandblaki, strandhandbolta, kökuskreytingum, pílukasti, bogfimi og frjálsum íþróttum.

„Það hefur fylgt því mikil tilhlökkun að verða 11 ára og mega loksins taka þátt í keppninni. Nú bíður sá sem er 7 ára á kantinum og telur niður í 11 ára afmælið. Yngri strákarnir tveir sitja þó ekki aðgerðalausir því nóg er um að vera fyrir systkini sem ekki hafa náð keppnisaldrinum. Við foreldrarnir skemmtum okkur svo konunglega með börnunum í öllu því sem þau taka sér fyrir hendur. Við sameinumst líka á skemmtidagskránni á kvöldin þar sem fjöldinn allur af tónlistarfólki kemur fram. Þar er oft mikið stuð," heldur Jóhanna Íris áfram.

> **Okkur finnst svo skemmtilegt að krakkarnir eru ekki í harðri keppni heldur er vinátta og gleði í fyrirrúmi.**

Mælir með tjaldsvæðinu

Fjölskyldan hefur bæði verið á tjaldsvæði mótsins og í gistingu annars staðar. Tjaldstæðin eru merkt hverju íþróttahéraði. Aðgangur fyrir alla fjölskylduna að tjaldstæðinu er innifalinn í þátttökugjaldi mótsins og eins öll önnur afþreying. Jóhanna Íris mælir með því að fjölskyldur tjaldi því þar myndast oft skemmtileg stemning.

„Það sem einkennir þessa frábæru fjölskylduhátíð er gleði. Það er alltaf gaman, alveg sama hvort keppandi er 11 ára eða eldri. Allir geta tekið þátt á sínum forsendum. Okkur finnst svo skemmtilegt að krakkarnir eru ekki í harðri keppni heldur er vinátta og gleði í fyrirrúmi. Krakkarnir hafa þess vegna eignast marga nýja vini eftir mótin," segir hún og rifjar upp að í minningunni lifi ekki veðrið eða úrslit í einstökum greinum heldur ánægjan af mótinu.

„Það er því aldrei spurning á okkar heimili hvar við munum eyða verslunarmannahelginni. Við mælum svo sannarlega með því að fjölskyldur skelli sér á Unglingalandsmót UMFÍ og skemmti sér saman í vernduðu umhverfi með gleðina í fararbroddi," segir Jóhanna Íris. ■

Sale

Tískan

ÁRMÚLI 5 - 551 0300

Lady Gaga skartar gullkjól frá Alexander McQueen.

Lady Gaga klæddist þessum púff-erma leðurfatnaði frá haustlínu Gareth Pugh frá 2018 þegar hún söng Poker Face. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Leður og rautt siffon

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun
@frettabladid.is

Lady Gaga vakti að venju mikla athygli fyrir klæðnað sinn á tónleikum í Düsseldorf á sunnudagskvöldið. Hún var í fötum eftir bæði þekkta hátískurisa og upprennandi hönnuði.

Biðin eftir The Chromatica Ball, tónleikaferð Lady Gaga, er loks á enda. Tónlistarkonan þurfti að fresta tónleikaferðinni tvisvar en upprunalega átti hún að vera sumarið 2020. Aðdáendur söngkonunnar hafa því beðið óþreyjufullir eftir tónleikunum í tvö ár, en tónleikaferðin er til að fylgja eftir hinni geysivinsælu plötu Chromatica, sem kom út í maí árið 2020.

Lady Gaga hóf tónleikaferðina í Düsseldorf í Þýskalandi á sunnudaginn en stefnan er að halda tónleika í 18 borgum. Ekkert er til sparað á tónleikunum. Sviðið er hannað af tískustjóranum Nicola Formichetti og stílistunum Söndru Amador og Tom Erebout, en tónleikagestir í Spiel-höllinni í Düsseldorf höfðu á orði að sviðið hefði verið stórkostlegt.

Það kemur eflaust fáum á óvart, en klæðnaður söngkonunnar á sviðinu á sunnudagskvöldið er þegar farinn að valda miklu umtali vegna djarfrar og margslunginnar hönnunar. Lady Gaga skipti reglulega um alklæðnað en hver og einn þeirra sagði sína sögu og endurspeglaði framúrstefnulegt cyberpönk sem Lady Gaga hefur verið að þróa síðustu ár.

Svartur leðurklæðnaður var áberandi á tónleikunum.

Sérstaklega verðmæt föt

Í uppafsstefinu er sviðsmyndin innblásin af grimmilegu landslagi og söngkonan skartaði fötum eftir enska hönnuðinn Gareth Pugh sem er þekktur fyrir dökka, framúrstefnulega hönnun. Alexander McQueen hannaði mótorhjólajakka og kristalsbelti sem Lady Gaga skartaði á tónleikunum og einnig var hún í hátískuklæðnaði eftir Christian Lacroix frá haustinu 2007 og 2009. Mikið af klæðnaði Lady Gaga á sviðinu var hannað af Versace og heimildir segja að fötin séu sérstaklega verðmæt þar sem þau voru sérhönnuð á hana. Sum þeirra eru vöktuð allan sólarhringinn svo þau verði ekki fyrir skemmdum.

En Lady Gaga klæddist ekki bara fötum eftir þekkta hönnuði. Hún var líka klædd fötum úr vorlínu Bradley Sharpe sem er upprennandi hönnuður í London. Systir Lady Gaga, Natali Germanotta, sem er með tískumerkið Topi Studio, hannaði á hana rauð siffonföt sem hún var í þegar hún söng lagið Alice. Það er því greinilegt að fleiri í fjölskyldunni hafa listræna hæfileika.

Lofuð af gagnrýnendum

The Chromatica Ball er sjötta tónleikaferðin sem Lady Gaga fer í undir eigin nafni. En Chromatica er sjötta plata söngkonunnar í fullri lengd. Platan hefur hlotið mikið lof meðal gagnrýnenda sem og almennings. Gagnrýnendur hafa meðal annars hrósað Lady Gaga fyrir að prófa ólíka stíla í tónlistinni og fyrir að gefa henni tilfinningalegt vægi, þar sem platan er mjög persónuleg.

Næstu tónleikar í þessari tónleikaferð Lady Gaga eru í kvöld í Stokkhólmi og því næst fer hún til Parísar og þaðan til Arnheim í Hollandi. Fyrir þau sem hafa áhuga á að sjá þessa miklu stjörnu á tónleikum er enn möguleiki að krækja sér í miða á einhverja af tónleikunum, en síðustu tónleikarnir verða í Miami í september næstkomandi. ■

Hér er Lady Gaga í fötum frá Vex Latex, fatamerki frá Chigago.

> **Lady Gaga skipti reglulega um alklæðnað en hver og einn þeirra sagði sína sögu.**

Enn meiri verðlækkun á útsölunni í Curvy

50-70% afsláttur

Sjáðu úrvalið eða pantaðu í netverslun www.curvy.is
Opið í verslun Curvy við Grensásveg
Alla virka daga frá kl. 11-18 og laugardaga frá kl. 11-16

Curvy Fellsmúli 26 v/Grensásveg * 108 RVK * Sími 581-1552 * www.curvy.is

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

Bílar til sölu

FORD MUSTANG '06
Til sölu Ford Mustang. 6 cyl. sjálfsk. Vel með farinn. Er víðförull. Uppl. á e-mail oro@university.is eða í s. 5525000

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupum bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

Bátar

MARÁS
TOHATSU
UTANBORÐSMÓTORAR

Léttir
Fyrirferðalitlir
Hljóðlátir
Kraftmiklir
Sparneytnir
3,5-250 hö

Miðhraun 13 - 210 Garðabær
Sími: 555 6444 - www.maras.is

BLÖÐIN
Blaðið í dag og safn eldri blaða á frettabladid.is

Þjónusta

Garðyrkja

Smávélaviðgerðir, Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

MAH ehf

ALMENN GARÐVINNA OG VIÐHALD
Mah ehf tekur að sér alla almenna garðvinnu og viðhald. Tökum einnig að okkur háþrýstiþvott, helluþrif og Pallaþrif Gerum tilboð ykkur að kostnaðarlausu. Sanngjörn verð, góð samskipti og vönduð vinnubrögð. Hafið samband í 539-5098 eða á mah@mah.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Húsaviðhald

Getum bætt við okkur utan og innanhúss málningarvinnu. runarmurari.is S. 7743800

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 867 4254

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Töfluskipti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

BLISTER-FREE GUARANTEE

Sokkarnir í Snjóhúsinu eru sérhannaðir til að koma í veg fyrir hælsæri og blöðrur.

Skoðaðu úrvalið á http://snjohusid.is

Til bygginga

NÝKOMIÐ BANKIRAI HARÐVIÐARPALLAEFNI 21X145MM VERÐ 1.950 KR METERINN
slétt beggja megin, ofnþurrkað. Lengdir frá 2,44 upp í 5,50 metrar. Harðviður til húsbygginga. Sjá nánar á vidur.is Vatnsklæðning 21x125mm, panill 10x85mm, útihurðir 5,4cmx210cmX80,90,100) Eurotec skrúfur, Penofin og Armstrong Clark harðviðarolíur. Uppl. hjá Magnúsi í síma 660 0230, á magnus@vidur.is og frá kl 10-14 á Óseyrarbraut 2 Hafnarfirði.

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut

Heilsa

Heilsuvörur

Tilkynningar

Einkamál

Self-employed single middle aged woman from Eastern Europe is looking for an serious Icelandic single man, without any problems, to be able to rely on.

Mob. 855 5220

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

EYJALIND
GRAMMER
Sæti og varahlutir í
- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta

Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?

Bílsætaviðgerðir-, mótorhjóla og snjósleðasæti. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu. Skoðið video af vinnslu á www.hsbolstrun.is

Formbólstrun
Hamraborg 5 Kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hs@bolstrun.is

Geymsluskúrar /gestahús til sölu

- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

viftur.is
Viftur ● Blikkrör ● Aukahlutir
íshúsið
S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

Ferðaþjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

ÞJÓNUSTU AUGLÝSINGAR

HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ
FRÉTTABLAÐIÐ
Sími 550 5055 | smaar@frettabladid.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is

Auglýsing um skipulag Hafnarfjarðarbær

Skipulagslýsing vegna nýs deiliskipulags fyrir Snókalönd við Bláfjallaveg.

Á fundi Bæjarráðs Hafnarfjarðar þann 16. júní 2022 var samþykkt að senda skipulagslýsingu, sem nær yfir gömlu hraunnámuna við Snókalönd, í auglýsingu í samræmi við skipulagslög.

Svæðið er 15ʰᵃ að stærð og er staðsett norðan Bljáfjallavegar og austan Krýsuvíkurvegar. Á svæðinu er gert ráð fyrir uppbyggingu á aðstöðu til norðurljósa- og stjörnuskoðunar.

Hægt er að kynna sér lýsinguna á **hfj.is/skipulag**.

Ábendingar við skipulagslýsinguna skila á netfangið **skipulag@hafnarfjordur.is** eigi síðar en **18.08.2022** eða skriflega í þjónustuver:

Hafnarfjarðarbær
bt. umhverfis- og skipulagssvið
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

hafnarfjordur.is

Hafnarfjörður

Aðalskipulag Skaftárhrepps 2019-2031 Heildarendurskoðun

Athugasemdafrestur er framlengdur til 11. ágúst 2022

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkti á fundi sínum 27. apríl 2022 að auglýsa tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi Skaftárhrepps 2019-2031 skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Tillagan inniheldur greinargerð, umhverfismatsskýrslu, sveitarfélagsuppdrátt og þettbýlisuppdrátt fyrir Kirkjubæjarklaustur. Í aðalskipulagi er sett fram stefna sveitarstjórnar um þróun sveitarfélagsins varðandi landnotkun, byggðaþróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál.

Tillögunni er ætlað að leysa af hólmi gildandi aðalskipulag Skaftárhrepps 2010-2022. Aðalskipulagstillagan verður til sýnis á skrifstofu Skaftárhrepps að Klausturvegi 4, Kirkjubæjarklaustri og Skipulagsstofnun Borgartúni 7b, 105 Reykjavík frá og með fimmtudeginum 19.maí 2022. Einnig má nálgast öll gögn frá og með fimmtudeginum 19.maí 2022 á heimasíðu Skaftárhrepps www.klaustur.is

Samhliða tillögunni er auglýst umsögn Skipulagsstofnunar frá 12.maí 2022.

Tillagan var auglýst frá og með 19.maí 2022 með athugasemdafresti til 30.júní 2022. Athugasemdafrestur er framlengdur til 11. ágúst 2022. Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Athugasemdir skulu berast skriflega á skrifstofu skipulags- og byggingafulltrúa að Klausturvegi 4, 880 Kirkjubæjarklaustri eða á neftfangið bygg@klaustur.is

f.h. Skaftárhrepps
Ólafur Júlíusson
Skipulags- og byggingarfulltrúi

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Auglýsing um tillögur að breyttu deiliskipulagi og hverfisskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi og hverfisskipulagi í Reykjavík.

Fálkabakki 1, Fálkaborg

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 22. júní 2022 og borgarráðs Reykjavíkur þann 30. júní 2022 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á hverfisskipulagi „6.1 Breiðholt“ vegna lóðarinnar nr. 1 við Fálkabakka. Í breytingunni felst stækkun á skipulagssvæði til norðurs, stækkun á leikskólalóð og núverandi byggingarreit leikskólans ásamt því að bætt er við byggingarreit fyrir tímabundna kennslustofu. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Kirkjusandur 2

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 29. júní 2022 og borgarráðs Reykjavíkur þann 7. júlí 2022 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Kirkjusands vegna lóðarinnar nr. 2 við Kirkjusand. Í breytingunni felst m.a. breytt landnotkun, breyttir byggingarreitir og aukið byggingarmagn. Heimilt verður að gera 225 íbúðir á reitnum. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Kirkjusandur - Reitur F

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 29. júní 2022 og borgarráðs Reykjavíkur þann 7. júlí 2022 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Kirkjusands vegna reits F. Í breytingunni felst að sameina reiti F2 og F3 í einn reit (F2) þar sem heimild verður fyrir íbúðarhúsnæði með allt að 115 íbúðum í stað blöndu af atvinnuhúsnæði og íbúðarhúsnæði. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Bryggjuhverfi, dælustöð

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 29. júní 2022 og borgarráðs Reykjavíkur þann 7. júlí 2022 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Bryggjuhverfis. Í breytingunni felst að skipulagssvæðið er stækkað til suðurs að mörkum Ártúnshöfða og til austurs að veginum Gullinbrú. Ástæða þess að skipulagssvæðið stækkar er fyrirhuguð dælustöð Veitna, en afmörkuð er lóð ásamt því að gerður er byggingarreitur fyrir dælustöð sem staðsett verður sunnan Sævarhöfða og vestan Gullinbrúar. Lagnabeltin verða tvö, annars vegar frá Ártúnshöfða og til norðurs að lóð dælustöðvar og hins vegar frá lóð dælustöðvar til vesturs. Aðkoma þjónustuumferðar að lóðinni verður frá núverandi einstefnu frárein frá Gullinbrú að Sævarhöfða. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna. Álfabakki 2A, 2B, 2C og 2D Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 29. júní 2022 og borgarráðs Reykjavíkur þann 7. júlí 2022 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Suður-Mjóddar vegna lóðanna nr. 2A, 2B, 2C og 2D við Álfabakka. Í breytingunni felst að lóðirnar eru sameinaðar í eina lóð og byggingarreitur er lengdur til norðurs. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Elliðaárdalur

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 29. júní 2022 og borgarráðs Reykjavíkur þann 7. júlí 2022 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Elliðaárdals. Í breytingunni felst að bætt er við tengistíg frá Rafstöðvarvegi 1A (jarðhús ofan Ártúnsbrekku) og til suðurs að núverandi stofnstíg sunnan aðkomuvegar að Rafstöðvarvegi 1A. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Öskjuhlíð

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 29. júní 2022 og borgarráðs Reykjavíkur þann 7. júlí 2022 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Öskjuhlíðar. Í breytingunni felst afmörkun deiliskipulags aðlöguð að deiliskipulagsmörkum Háskólans í Reykjavík og nýr göngustígur á horni Nauthólsvegar og Flugvallarvegar. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna. Gufunes, áfangi 1 - Jöfursbás reitir A3 og A4 Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 29. júní 2022 og borgarráðs Reykjavíkur þann 7. júlí 2022 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi áfanga 1 í Gufunesi vegna reita A3 og A4. Í breytingu felst tilfærsla á lóðarmörkum (fjöldi og lögun lóða er að breytast), aukning á fjölda íbúða, húshæðir aukast en þó innan marka sem tilgreint er í aðalskipulagi. Heildarbyggingamagn á svæðinu helst óbreytt m.v. gildandi heimildir og mun byggðarmynstur á uppbyggingarsvæði breytast, í stað randbyggðar, standa stakstæð hús í grænu garðrými. Almennings- og dvalarrými eykst og það gert samfelldara, m.a. með því að fella niður botnlangann Hilmisbás. Töluverð atvinnustarfsemi er í gildandi skipulagi og mun nær öll sú starfsemi í núverandi heimildum breytast í íbúðir. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:30 – 16:00 **frá 21. júlí 2022 til og með 2. september 2022**. Einnig má sjá tillögurnar á vefnum, ***www.reykjavik.is***, **skipulag í kynningu**. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 2. september 2022. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti**.

Reykjavík 21. júlí 2022
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

Elskulegur faðir okkar,
tengdafaðir, afi og bróðir,

Magnús Rúnar Runólfsson

lést 20. október 2021 á Huddinge sjúkrahúsi í Stokkhólmi.
Líkbrennsla hefur farið fram, kerið verður sett niður í Sólland duftgarð í Fossvogi 22. júlí 2022 að viðstöddum nánustu ættingjum og vinum.

María Helga Magnúsdóttir Christopher Johansson
Sandra Magnúsdóttir
barnabörn og systkini hins látna.

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

Gylfi Kristinn Sigurðsson
ökukennari,

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð að morgni fimmtudagsins 14. júlí.
Útförin fer fram frá Lindakirkju miðvikudaginn 3. ágúst kl. 15.

Jensína Sigurborg Jóhannsdóttir
Guðrún Helga Gylfadóttir **Bjartmar Bjarnason**
Sigurður Smári Gylfason **Hulda Ruth Ársælsdóttir**
Jóhanna María Gylfadóttir **Elías Þór Pétursson**
Steinunn Margrét Gylfadóttir **Helgi Mar Hallgrímsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

Kristbjörn Albertsson

lést á krabbameinsdeild LSH mánudaginn 18. júlí 2022.
Útför hans fer fram frá Ytri-Njarðvíkurkirkju þriðjudaginn 26. júlí kl. 13.00.
Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á Ungmennafélag Njarðvíkur.

Jóhannes A. Kristbjörnsson **Guðrún S. Jóhannesdóttir**
Jens Kristbjörnsson **Sesselja Woods Kristinsdóttir**
barnabörn og barnabarnabarn.

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

Þórdís Helga Guðmundsdóttir

lést á Sunnuhlíð 15. júlí.
Útförin fer fram frá Kópavogskirkju mánudaginn 25. júlí kl. 13.
Sérstakar þakkir til starfsfólks Sunnuhlíðar.

Birgir Þórðarson **Unnur María Ólafsdóttir**
Leifur Ottó Þórðarson **Gróa Hafdís Jónsdóttir**
Júlíus Þórðarson **Katrín Níelsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

Okkar ástkæra,

Telma Kjartansdóttir
Ljósalandi 20, Reykjavík,

lést á Landspítalanum laugardaginn 9. júlí.
Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 26. júlí klukkan 15.

Óskar Alfreð Beck
María Ósk Beck **Jakub Biegaj**
Kjartan Magnússon **Magnús Ingi Kjartansson**
Silja Kjartansdóttir **Gísli Óskarsson**
Hildur Petersen **Halldór Kolbeinsson**

Elskulegi maðurinn minn,
faðir og tengdafaðir,

Daníel Jónasson
tónmenntakennari og organisti,
Vesturbergi 16,

varð bráðkvaddur laugardaginn 16. júlí í Noregi. Jarðarförin auglýst síðar.

Ingunn Lilja Leifsdottir Risbakk
Ólafía Daníelsdóttir **Ari Tryggvason**
Guðbjörg Daníelsdóttir

Myrk saga í náttúrufegurð

Þóra Karítas Árnadóttir fræðir gesti um myrka sögu Drekkingarhyls í kvöldgöngu á Þingvöllum.

arnartomas@frettabladid.is

Þóra Karítas segir sumar aftökurnar hafi farið fram af illri nauðsyn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Rithöfundurinn Þóra Karítas Árnadóttir leiðir göngu á Þingvöllum í kvöld, um örlög Þórdísar Halldórsdóttur. Þóra skrifaði bókina Blóðberg þar sem ævi Þórdísar er rakin, en henni var drekkt á Þingvöllum árið 1618 eftir að hafa verið fundin sek um blóðskömm.

„Ég ætla að lesa upp úr bókinni og segja svo aðeins frá Drekkingarhyl almennt til að setja hlutina í samhengi við svæðið," segir Þóra Karítas. „Þetta eru svo sniðugar göngur og í raun fullkomin afsökun til að fá sér göngutúr í kvöldblíðu á Þingvöllum."

Blóðberg var gefin út árið 2020 og segir frá Þórdísi, sem var drekkt fyrst kvenna í Drekkingarhyl á Þingvöllum.

„Það var reyndar annarri drekkt á sama tíma en Þórdís fór fyrst í hylinn," segir Þóra Karítas, sem valdi Þórdísi til að skrifa sögulega skáldsögu um. „Þótt bókin hafi komið út 2020 hefur hún lifað mjög góðu lífi, bæði hvað sölu varðar og hjá Storytel, og svo hefur hún líka verið kennd aðeins í menntaskólum."

Allar átján konurnar sem drekkt var í hylnum eiga það sameiginlegt að hafa verið fundnar sekar um siðferðisbrot.

„Þeim var ýmist refsað fyrir að hafa lent í sifjaspelli, framhjáhaldsbrot eða dulsmál, þar sem fæðingu barns er leynt og því fyrirkomið," útskýrir Þóra Karítas, sem segir miklar andstæður í sögu og fegurð svæðisins. „Við komum þarna saman á helstu þjóðhátíðum og þingið er upprunnið þaðan, en síðan færðust aftökurnar á svæðið þar sem 70-80 manns voru teknir af lífi."

Það voru ekki einungis konur sem teknar voru af lífi á Þingvöllum en þar voru menn hengdir fyrir þjófnað og brenndir fyrir galdra. Karlar voru þá settir í gálga fyrir sömu brot og konum var drekkt fyrir.

„Höggsstökkseyri, Drekkingarhylur og fleiri örnefni á svæðinu minna okkur á þessa sögu," segir Þóra Karítas. „Það hefur ekki mikið varðveist af lýsingunum frá drekkingunum en það er talið að konur hafi verið settar í strigapoka og stundum steinar settir með til að halda þeim niðri. Síðan var böðull sem hélt þeim niðri með staf."

> Það var reyndar annarri drekkt á sama tíma en Þórdís fór fyrst í hylinn.

Þá fóru sumar aftökurnar fram af illri nauðsyn.

„Sýslumennirnir voru ekki alltaf sáttir við þetta sjálfir. Það er eitt rosalegt dæmi um stúlku sem lendir í sifjaspelli. Það var reynt að fá konung til að náða hana sem gekk ekki og að lokum þurfti amtmaður að áminna sýslumann um að hann yrði að láta af aftökunni verða."

Gangan hefst klukkan 20 í kvöld og þátttaka er gjaldfrjáls. ■

Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð, vináttu og hlýju við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Jóns J. Ragnarssonar
skipstjóra.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á hjúkrunarheimilinu Víðihlíð í Grindavík fyrir góða umönnun.

Kristín Thorstensen
Magnús Jónsson **Laufey Einarsdóttir**
Ólína Jónsdóttir **Ásmundur Guðnason**
Steinunn Jónsdóttir **Anton Pétursson**
barnabörn og barnabarnabörn.

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

Sigríður Helga Axelsdóttir
húsmóðir,

lést að morgni 18. júlí á hjúkrunarheimilinu Skjólgarði á Höfn í Hornafirði.
Útförin fer fram frá Hafnarkirkju miðvikudaginn 27. júlí kl. 14.00. Athöfninni verður streymt og hægt verður að sækja hlekk á hana á http://bjarnanesprestakall.is/hafnarsokn/hafnarkirkja/
Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Skjólgarð.

Ragnhildur Jónsdóttir **Grétar Vilbergsson**
Axel Jónsson **Fanney Þórhallsdóttir**
Sveinbjörg Jónsdóttir **Ómar Frans Fransson**
og fjölskyldur.

Ástkær bróðir minn,

Ólafur Þór Friðriksson
verslunarmaður,

áður til heimilis að Krummahólum 6, lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund þann 16. júlí.

Páll Friðriksson

Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir,
amma og langamma,

Margrét Ásgerður Björnsdóttir

lést á HSN Blönduósi föstudaginn 15. júlí.
Útför hennar fer fram laugardaginn 23. júlí kl. 14.00. Hægt verður að nálgast streymi frá útför á facebooksíðu Blönduóskirkju.

Gunnþórunn Jónsdóttir **Halldór Sverrisson**
Björn Björgvin Jónsson **Margrét Jóhannsdóttir**
Kristján Þröstur Jónsson **Guðbjörg Sigurðardóttir**
Júlíus Helgi Jónsson **Snæfríður Íris B. Kjartansd.**
Guðrún Ásgerður Jónsdóttir
Ingibjörg Eygló Jónsdóttir **Guðmundur Sæmundsson**
Magnús Ómar Jónsson
Þorsteinn Kristófer Jónsson **Hrefna Aradóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055 .

Ennþá meira úrval af listavörum

Listverslun.is

AMSTERDAM dream • create
van Gogh
REMBRANDT The Professional Choice
Liquitex
Conté à Paris
LEFRANC BOURGEOIS PARIS
2017 2020 Framúrskarandi fyrirtæki

Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

BAUHAUS®

Stór og flott gólfefnadeild

Eitt mesta úrval landsins!

Hjá BAUHAUS finnur þú meira en 250 gerðir af parketi, bæði harðparketi og vínilparketi á lager. Hjá okkur finnur þú einnig alla þá aukahluti sem þarf í verkið. Okkar frábæra starfsfók er tilbúið að aðstoða með góð ráð og leiðbeiningar hvernig best sé að leggja parketið, huga að umhirðu þess eða annað sem þú kannt að spyrja um er varðar nýja parketið þitt!

25%

AFSLÁTTUR AF GÓLFEFNUM OG GÓLFTEPPUM

MIÐAÐ VIÐ ALMENNT VERÐ

LOGOCLIC® krono Flooring TIMBERMAN BERRY ALLOC b!design PERGO PARADOR moland

BAUHAUS Tilboðin gilda eingöngu frá fimmtudeginum 21. júlí til og með sunnudeginum 24. júlí

MÁNUDAGA–FÖSTUDAGA KL. 8:00–19:00
LAUGARDAGA KL. 10:00–18:00
SUNNU- OG HELGIDAGA KL. 10:00–18:00

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800

BAUHAUS
VIÐ JÖFNUM VERÐIÐ
NÁNARI UPPLÝSINGAR Á BAUHAUS.IS

Hjá BAUHAUS færðu kerru lánaða án endurgjalds

Stór og flott flísadeild

Eitt mesta úrval landsins

Við eigum yfir 200 mismunandi gerðir af flísum og auðvitað alla þá aukahluti sem þú þarft, til þess að leggja nýju flísarnar þínar. Okkar frábæra starfsfólk er tilbúið til að aðstoða þig með leiðsögn og góð ráð um hvernig á að leggja flísarnar.

25%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM FLÍSUM

MIÐAÐ VIÐ ALMENNT VERÐ

Tilboðin gilda eingöngu frá fimmtudeginum 21. júlí til og með sunnudeginum 24. júlí

BAUHAUS

Dagskrá

Hringbraut

18.30 Fréttavaktin Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
19.00 Lengjudeildin í beinni Bein útsending frá leik í Lengjudeildinni (Selfoss - HK).
19.30 Lengjudeildin í beinni Bein útsending frá leik í Lengjudeildinni (Selfoss - HK).
20.30 Lengjudeildin í beinni Bein útsending frá leik í Lengjudeildinni (Selfoss - HK).
21.00 Mannamál (e) Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Sigmundur Ernir ræðir við þjóðþekkta einstaklinga um líf þeirra og störf.

RÚV Sjónvarp

10.00 HM í frjálsíþróttum Upptaka frá HM í frjálsíþróttum.
13.00 Heimaleikfimi
13.10 Sumarlandabrot
13.15 Útsvar 2012-2013 Fjarðabyggð - Garðabær.
14.05 Rabbabari Bríet.
14.20 Pricebræður bjóða til veislu
15.00 Á tali hjá Hemma Gunn 1989-1990
16.00 Mótorsport Rallý og rallýcross.
16.30 Framapot
16.55 Opnun Eygló Harðardóttir og Ragnar Kjartansson.
17.30 KrakkaRÚV
17.31 Ofurhetjuskólinn
17.46 Fótboltastrákurinn Jamie
18.14 Stundin rokkar
18.20 Sumarlandabrot
18.30 Fréttayfirlit Fréttir
18.35 EM stofan Upphitun á leik.
18.50 Þýskaland - Austurríki Bein útsending frá leik í 8-liða úrslitum á EM kvenna í fótbolta.
20.50 EM stofan Uppgjör á leik.
21.00 Fréttir
21.25 Íþróttir
21.30 Veður
21.40 Þýskaland 89'. Deutschland 89' Þýsk spennuþáttaröð frá 2020 sem segir frá Martin Rauch, útsendara í austurþýsku leyniþjónustunni Stasi. Þættirnir eru ekki við hæfi barna yngri en 16 ára.
22.30 Neyðarvaktin. Chicago Fire
23.10 Gullregn
00.00 HM í frjálsíþróttum Bein útsending frá HM í frjálsíþróttum í Oregon í Bandaríkjunum.
03.00 Dagskrárlok

Sjónvarp Símans

12.30 Dr. Phil
13.15 The Late Late Show
14.00 The Block
15.00 The Bachelorette
16.30 Spin City
16.55 The King of Queens
17.15 Everybody Loves Raymond
17.40 Dr. Phil
18.25 The Late Late Show
19.10 Family Guy
19.40 MakeUp
20.15 Ræktum garðinn
20.30 How We Roll
21.00 Impeachment
21.50 The L Word. Generation Q
22.45 Love Island
23.30 The Late Late Show
00.15 FBI
01.00 The Rookie
01.45 Law and Order. Special Victims Unit
02.30 Station Eleven
03.15 Pose
04.35 Love Island
05.20 Tónlist

Stöð 2

07.55 Heimsókn
08.15 The Mentalist
08.55 Bold and the Beautiful
09.20 Blokk 925
09.45 Líf dafnar
10.25 Í eldhúsinu hennar Evu
10.40 Besti vinur mannsins
11.00 X-Factor Celebrity
12.30 Nágrannar
12.50 Family Law
13.35 Who Do You Think You Are?
14.30 30 Rock
14.55 Grand Designs. Sweden
15.40 The Heart Guy
16.30 Matarboð með Evu
17.00 Men in Kilts. A Roadtrip with Sam and Graham
17.25 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.27 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.45 Sportpakkinn
18.50 Sex í forgjöf
19.10 Skreytum hús
19.25 Listing Impossible
20.05 The Titan Games
20.50 Stóra planið
22.25 Conversations with Friends
22.55 Grantchester
23.45 Pandore
00.35 The Mentalist
01.20 Family Law
02.00 Who Do You Think You Are? Afar áhugaverðir þættir þar sem þekktum einstaklingum er gefinn kostur á að rekja ættir sínar.
03.00 30 Rock
03.20 Grand Designs. Sweden
04.05 The Heart Guy

Egill Eðvarðsson tekur sjálfan sig til kostanna

Eitt eftirminnilegasta Mannamáls-viðtalið á Hringbraut á síðasta vetri fer aftur í loftið í kvöld, en þar sest Egill Eðvarðsson í stólinn á móti Sigmundi Erni. Það koma margir við sögu, ekki bara foreldrarnir og konurnar í lífi Egils, heldur Hemmi Gunn og Davíð Stefánsson frá Fagraskógi í svo til einni bendu sem yndislegt er að horfa og hlýða á. ■

Krossgáta



LÁRÉTT
1 umslag
5 náungi
6 tvíhljóði
8 sorgbitin
10 tveir eins
11 sprækur
12 temur
13 þvættingur
15 gæta
17 tjútta

LÓÐRÉTT
1 varna
2 varla
3 stjórnpallur
4 ábót
7 skrá
9 venjan
12 pínulítilla
14 mein
16 tveir eins

LÁRÉTT: **1** albúm, 5 fir, 6 ei, 8 stúrin, 10 tt, 11 ern, 12 agar, 13 rugl, 15 annast, 17 dansa.
LÓÐRÉTT: **1** afstýra, 2 lítt, 3 brú, 4 meira, 7 inn-rita, 9 regían, 12 agna, 14 und, 16 ss.

Skák Gunnar Björnsson

Hvítur á leik

Paaren átti leik gegn Janorvski árið 1976.

1.Hxd6+ Dxd6 2.Dxe8+ Kxe8 [2...Kc7 3.Dxe7+ Dxe7 4.Hxe7+]. 3.Hh8# 1-0.
Héðinn Steingrímsson tekur þátt í NM í skák og hefur 3½ vinning eftir 4 umferðir. Tvær umferðir fara fram í dag.

www.skak.is: Héðinn á NM í skák.

Sudoku

			4				6	9
9			2	6		5		
2		7		9			1	4
					8			3
	9			7	4		8	1
	4	3				7		
4		9	5					
	5			8	2			
	2		7					

	6						7	
	5		7		6		8	2
4								
9	7		4				3	
5	4	6					9	
				9		1		
1		4			8			
	3		9					7
	8						5	

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus

Eftir Frode Øverli

Að halda sér á floti í fárviðri nútímans

Söngkonan, rithöfundurinn og kennarinn Rebekka Sif Stefánsdóttir hefur gefið út tvær skáldsögur á þessu ári sem koma út með þriggja mánaða millibili. Fyrri bók hennar Flot er fyrsta skáldsaga hennar í fullri lengd. Trúnaður kom svo út hjá Storytel sem hljóðbók þann 14. júlí.

ragnarjon@frettabladid.is

> Ég hafði ekkert að gera nema skrifa. Ég gat ekki sungið og ég gat ekki kennt.

Rebekka Sif segir kvíða einkennandi fyrir nútímann. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fyrsta skáldsaga Rebekku, Flot, fjallar um unga konu sem tekst á við kvíða, áföll og afleiðingar ofbeldis, en Rebekka segir geðræn vandamál nokkuð sem henni finnst áhugavert að skrifa um.

„Af hverju þetta gerist og hvernig fólk hegðar sér eftir áföll. Bælingin sem á sér stað. Þetta heldur áfram í næstu bók, Trúnaði, en þar er ég með fimm vinkonur sem allar eru að fást við sína djöfla," segir Rebekka, en hún telur kvíða vera stóran þátt í nútímanum.

„Mér finnst kvíði einkenna mjög margt í kringum mig og það er eitthvað sem ég hef sjálf þurft að fást við í mörg ár. Það er þessi hraði og pressa sem er á fólki í dag. Það á alltaf að vera í vinnunni. Það á alltaf að sinna börnunum sínum sem best og það á alltaf að geta lesið 100 bækur á ári," segir Rebekka, sem viðurkennir að það hafi verið mjög krefjandi að skrifa bækurnar með svo stuttu millibili.

Ákvað að verða söngkona fyrst

„Ég byrjaði að skrifa mjög snemma. Ég ætlaði reyndar alltaf að verða söngkona og rithöfundur. En ég ákvað að verða söngkona fyrst," segir Rebekka en fyrsta plata hennar, Wondering, kom út árið 2017 en hún gaf einnig út smáskífuna Nowhere árið 2021.

„Skrifin urðu svolítið eftir þegar ég var unglingur. En þá einbeitti ég mér meira að tónlistarskólanum og tónlist. En var þó alltaf að skrifa ljóð og smásögur meðfram því. En síðan gjörsamlega hætti ég að skrifa í kringum tvítugt og var þá bara að syngja og gaf út plötu," segir Rebekka, sem þó stundaði BA-nám í almennri bókmenntafræði meðfram tónlistinni og segir að þannig hafi bókmenntirnar haldist í lífi hennar.

„Síðan þegar ég var búin að gefa út fyrstu plötuna mína 2017. Þá fann ég hvað skrifin toguðu í mig," segir Rebekka, sem ákvað einnig að skrá sig í ritsmiðjur í ritlist við Háskóla Íslands meðfram bókmenntanáminu.

Skrifin tóku yfir í Covid

„Ég hafði ekkert að gera nema skrifa. Ég gat ekki sungið og ég gat ekki kennt," en Rebekka kennir söng og hefur tekið að sér að vera stundakennari í ritlist í HÍ. „Ég ákvað að á hverjum degi myndi ég setjast fyrir framan tölvuna og skrifa þúsund orð og þannig varð Flot til," segir Rebekka, en stuttu eftir að hún hafði lokið við bókina hafði fulltrúi Storytel samband.

„Þau spurðu mig hvort ég væri með einhverja hugmynd. Ég var opin fyrir því að skrifa því Flot var tilbúin. Þau spurðu mig hvort ég gæti komið út bók fyrir haustið og ég sagði þeim: bara örugglega," segir Rebekka og hlær við. „En það komu inn alls konar aðrir hlutir núna, til dæmis að ég var með átta mánaða barn og var að vinna, kenna og syngja og að fylgja Floti eftir.

En ég varð þá bara að setjast niður á kvöldin og skrifa. Ég reyndi að vera með markmið þó að sumar vikurnar væri þetta of mikið og ég gat ekkert skrifað, en einhvern veginn varð þessi bók til.

Aðspurð hvað taki við núna segist Rebekka ætla að reyna að taka sér smá frí, „og vonandi fá fólk til þess að lesa þessar bækur sem ég var að skrifa," segir Rebekka og bætir við: „Ég er búin að sleppa tökunum á þeim og þær vonandi finna sína lesendur." ■

Skúlptúr sem sameinar listformin

arnartomas@frettabladid.is

Internal Human er sameiginlegt verk tónskáldsins Lilju Maríu Ásmundsdóttur og dansarans Inês Zinho Pinheiro. Verkið er bæði sviðsverk og myndbandsinnsetning og verður frumsýnt 26. júlí í Hörpu. Á föstudaginn verður það svo einnig gefið út á geisladiski sem mun innihalda aðgang að myndbandsverkinu.

„Við Inês kynntumst fyrst í London 2018 þegar við vorum báðar í meistaranámi og við höfum verið að vinna saman síðan þá," segir Lilja María. „Hún flutti aftur til Portúgals og við höfum verið að skiptast á mynd- og hljóðbrotum og hugsunum tengdum innra lífi flytjandans undanfarin tvö ár. Út úr þessum pælingum varð Internal Human til."

Skúlptúrinn sem Lilja María leikur á er veglegur strengjarammi. MYND/AÐSEND

Verkið hverfist í kringum hljóðskúlptúr sem byggir á verki Lilju Maríu frá meistaranáminu og er hannaður út frá hugmyndum um hvers konar hreyfingar myndast náttúrulega þegar leikið er á strengina. Skúlptúrinn tengir þannig saman listform Lilju Maríu og Inêsar undir myndvörpun, þar sem sjá má teikningar og arkitektúr sem tengjast hönnun verksins.

„Bæði ég og Inês erum flytjendur og höfum pælt mikið í því hvað og hvernig það er að koma fram, og hvernig maður undirbýr sig fyrir það," útskýrir Lilja María. „Titillinn á verkinu er vísun í vangavelturnar um það hvað er að gerast innra með manni í því ferli."

Skúlptúrinn sem Lilja María leikur á er stór strengjarammi þar sem strengjunum er skipt í tvennt með öðrum streng.

„Það myndast bjöllukenndari hljómur þegar maður spilar á strengina en ef það væri spilað á þá í pianói, til dæmis," segir hún. „Þegar ég hannaði skúlptúrinn þá hugsaði ég mikið um hann út frá hreyfingu, þar sem ég var að vinna með Inês.

Upphaflega hugsaði ég þetta mikið út frá pianóramma, en svo reyndi ég að leggja upp með að finna hljóðheim sem yrði einkennandi fyrir skúlptúrinn og kanna fjölbreyttar hreyfingar sem Inês gæti þróað út frá sjónarhorni dansarans." ■

Lilja María kynntist dansaranum Inês Zinho árið 2018.

> Þegar ég hannaði skúlptúrinn þá hugsaði ég mikið um hann út frá hreyfingu, þar sem ég var að vinna með Inês.

Corinna og Gina Schumacher tóku við verðlaununum í gær. MYND/GETTY

Michael Schumacher heiðraður í Köln

ninarichter@frettabladid.is

Corinna Schumacher, eiginkona fyrrverandi Formúlu 1-kappans Michael Schumacher, og dóttir þeirra, Gina Schumacher, tóku við Norðurrínar-Vestfalíu heiðursverðlaunum fyrir hans hönd á tilfinningaþrunginni stund í Motorworld-höllinni í Köln í gær.

Michael Schumacher er fyrrverandi Formúlu 1-meistari og líklega frægasti ökuþór heims. Hann er sömuleiðis meðal frægustu íþróttamanna Þýskalands síðustu áratugi. Á farsælum ferli keppti hann fyrir Jordan, Benetton, Ferrari og Mercedes.

Á farsælum ferli keppti Schumacher fyrir Jordan, Benetton, Ferrari og Mercedes.

Schumacher lagði ökuhanskana á hilluna árið 2012 og hélt þá heimsmetum, bæði einstaklingsmetum og sameiginlegum.

Í desember 2013 lenti Schumacher í alvarlegu skíðaslysi. Hann var í lyfjadái í sex mánuði, þar til í júní 2014. Hann dvaldi í endurhæfingu á sjúkrahúsi þar til í september 2014.

Fjölskylda Schumachers hefur lítið gefið upp um líðan ökumeistarans en fyrir liggur að hann hafi hlotið alvarlegan heilaskaða í slysinu.

Fyrir slysið sinnti Schumacher mannúðarstarfi og var meðal annars góðgerðasendiherra UNESCO.

Verðleikareglan í Norðurrín-Vestfalíu var stofnuð 11. mars 1986. Heiðursorðan er veitt borgurum af svæðinu fyrir framúrskarandi árangur á sínu sviði. Viðurkenningin er takmörkuð við 2.500 núlifandi einstaklinga. ■

Prins og Móses úr Gamla bíói til Gimli

Prins póló og Moses Hightower leiða saman hesta sína á tónleikum í Gamla bíói á föstudag. Um verslunarmannahelgina skella meðlimir sér til Gimli í Kanada og spila fyrir Vestur-Íslendinga.

ninarichter@frettabladid.is

Andri Ólafsson segir meðlimi sálarsveitarinnar Moses Hightower hafa kunnað lög Prins póló þegar samstarfið hófst. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Prins póló er verkefni hins fjölhæfa Svavars Péturs Eysteinssonar, sem hefur getið sér gott orð fyrir tónlist og myndlist. Flestir Íslendingar þekkja sálarsveitina Moses Hightower sem hefur framleitt hvern dægurlagasmellinn á fætur öðrum frá stofnun sveitarinnar árið 2007.

„Við spiluðum saman á Airwaves 2017, þá vorum við plataðir til að spila og síðan höfum við átt í mjög dulúðlegu samstarfi, ekkert mjög fókuseruðu," segir Svavar Pétur íbygginn, aðspurður um tildrög samstarfsins. Andri Ólafsson, forsöngvari Moses Hightower, tekur undir það. „Já, því var haldið uppi af væntingum frekar en hittingum."

Fjalla um hversdagslegt ógeð

Samstarf verkefnanna tveggja hefur þannig staðið yfir í nokkur ár. „Við höfum aðeins verið að hittast og aðeins verið að semja lög," segir Svavar Pétur. „Við gáfum út eitt lag á dögunum, það lag heitir Maðkur í mysunni og fjallar um það sem foreldrar lenda í svona á síðkvöldi. Maður ætlar að taka rólegt kvöld og svona hafa það náðugt og þá kemur tölvupóstur frá kennaranum um að það hafi fundist lús í bekknum, eða jafnvel njálgur. Þá þarf að fara að vekja allt slotið og jafnvel kemba allt," segir hann. „Við fjölluðum svolítið um þetta í síðasta laginu sem við gáfum út og ætlum að halda áfram að fjalla um þetta hversdagslega ógeð."

Þarf alltaf að halda þessi jól

Svavar Pétur segir að rekstraraðilar Hljómahallarinnar hafi spurt hann um árið hvort Prinsinn vildi koma og halda tónleika. „Mér fannst ótækt að gera það án þess að hafa þá félaga með, þannig að við héldum tónleika í Hljómahöll í maí sem gengu glimrandi vel. Þarna baksviðs gírast maður allur upp og fer í stuð: Gerum þetta aftur, það þarf að endurtaka þetta allt!"

Hann segir endurtekninguna ríkjandi. „Það er alltaf þessi hugmynd um að ef maður gerir eitthvað, þá geri maður það alltaf aftur. Þú heldur ekki bara ein jól og svo búið. Þarft alltaf að vera haldandi þessi jól." Andri kinkar kolli. „Það var einhugur um að telja í sem fyrst aftur." Þá varð úr að skipuleggja tónleika í Gamla bíó sem fram fara á föstudag. „Miðasala er búin að fara mjög vel af stað og það er nánast að verða uppselt."

> **Það er draumur hvers Íslendings að heimsækja þessar slóðir. Þetta er annar heimur.**
>
> Svavar Pétur Eysteinsson

Væri verra með leiðinlegu bandi

Aðspurðir hvort Prins póló og Moses Hightower deili mengi hlustenda, svarar Svavar Pétur að líklega séu sömu aðdáendur á ferðinni. „Ég held að við séum svolítið heppnir með það." Andri svarar og segir að skörunin sé mjög mikil. „Og sú skörun er jákvæð. Ég dýrka Moses sem band og það er svo heppilegt að áheyrendahópur Prinsins er sama sinnis," segir Svavar Pétur. „Það væri leiðinlegt ef ég væri að fíla einhverja hundleiðinlega hljómsveit og væri í bullandi samstarfi með henni."

Andri segir Móses-meðlimi hafa kunnað lög Prinsins, meira og minna, þegar samstarfið hófst. „Við erum búnir að vera að syngja með þessum lögum í áratugi."

Prins Póló í Móses-búning

Tónlist Prins póló má lýsa sem frekar hráu alþýðupopprokki á meðan Moses Hightower er þekkt fyrir flóknar djassaðar og útpældar útsetningar. Þó deila sveitirnar fágætum kosti sem kristallast í hnyttnum og vönduðum textasmíðum á íslensku. En hvernig lýsa meðlimir afurðinni úr samstarfinu?

„Þeir taka sín lög af því að ég hef engu við þeirra lög að bæta. Eða mjög litlu," segir Svavar Pétur sposkur. „En svo koma þeir og bæta alveg helling við mín lög og setja þau í sinn búning," segir hann. „Ég fæ mest út úr þessu samstarfi."

Andri beinir orðum sínum til Svavars Péturs. „Prins póló katalógurinn ber þess ánægjuleg merki að vera: Þú í þínum tíma að gera hlutina eins og nákvæmlega bara þér sýnist," segir hann, en tekur fram að hlutunum sé öðruvísi farið í fimm manna hljómsveit. „En á þessum vettvangi eru fimm aðrir einstaklingar sem útgangspunkturinn mótast af. Allir finna sér eitthvað að gera sem er stundum eftir forskrift Prinsins og stundum ekki." Andri segir að á upptökum Prinsins sé unnið með einfaldleikann. „Við Móses-drengirnir reynum að gera það."

Svavar Pétur svarar: „Þeir flækja hlutina alveg svakalega en ég dýrka hvað þeim tekst að halda einfaldleikanum, en samt flækja hlutina mjög mikið."

Kominn tími til að dansa

Andri segir Prins póló-samstarfið draga Móses Hightower sjálfkrafa í meiri rokk-átt heldur en þeir séu vanir að stefna í sjálfir.

„Ég held að þetta verði skemmtilegir tónleikar upp á það að vera standandi," segir Svavar Pétur um tónleikana í Gamla bíói á föstudag. „Fólk getur hreyft sig og dansað með og ég held að það sé alveg kominn tími á að standa upp og dilla mjöðmunum."

Koma fram á Íslendingadeginum

Aðspurðir um frekara tónleikahald og plön fyrir verslunarmannahelgina setja félagarnir upp leyndardómsfullan svip. Svo segjast þeir vera með skúbb.

„Prins póló tekur með sér tvo meðlimi Móses Hightower til Gimli í Manitoba og kemur þar fram á Íslendingadeginum," segir Andri. „Það verður verslunarmannahelgin hjá okkur."

Svavar bætir við: „Það er draumur hvers Íslendings að heimsækja þessar slóðir. Þetta er annar heimur. Ég er sjúklega spenntur að upplifa þetta á eigin skinni og finna hvernig fólkið er þarna úti. Þessir afkomendur okkar, ef svo má segja." ■

Sérfræðingurinn

Atlantshafið eyðileggur enn eitt sumarið

odduraevar@frettabladid.is

Hvar er hitabylgjan okkar?

Einar Sveinbjörnsson
veðurfræðingur

„Þær eru fátíðar og koma varla fyrir," segir Einar, en hitabylgja hefur leikið Evrópu misgrátt undanfarna daga þar sem hitinn hefur meðal annars farið upp í 30 stig hjá frændum okkar í Noregi.

Á Íslandi hefur hitinn hins vegar verið pikkfastur í kringum 10 gráður. „Í fyrsta lagi vegna þess hvað við liggjum norðarlega. En aðallega þó vegna þess að við erum eyja úti í miðju hafi sem temprar allar svona hitasveiflur," segir Einar um málið.

Spurður út í norska frændur okkar sem fá töluvert meiri hita en við, segir Einar: „Jafnvel norðar en á Íslandi! Þá er það vegna þess að loftið kemst bakdyramegin að þeim af landi og er kannski upprunnið einhvers staðar í Rússlandi eða sunnan megin í álfunni og fer aldrei yfir stórt og mikið úthaf. En að íbúar í Norður-Noregi fái hitabylgju af hafi er nánast óhugsandi."

Einar segir hitabylgjur á Íslandi ekki óhugsandi með hitastigi upp á 28–30 gráður. „En slíkar koma kannski á tíu til tuttugu ára fresti, svona ef maður horfir heilt yfir síðustu hundrað árin."

Þó að Íslendingar þrái hærra hitastig myndu Bretar eflaust þiggja 10 gráður. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Síðast hafi slíkt gerst í júlí 2008 þegar það mældust 27,9 gráður á Þingvöllum. Einar segist skilja söknuð Íslendinga eftir heitara loftslagi. „En veðrið það sem af hefur verið sumri hefur ekki verið leiðinlegt, við höfum að mestu leyti sloppið við stórrigningar og hitinn verið í tæpu meðallagi," segir Einar.

„Svo taka sumir það nú fram að það sé okkar gæfa að þurfa ekki að búa við svona hitasvækju en auðvitað eru flestir á því að það mætti vera aðeins hærra, að við sæjum kannski oftar 20 eða 25 stiga hita, sem gerir engum neitt." ■

ÞJÓÐHÁTÍÐARUPPHITUN
Í TUBORG TJALDINU

LAUGARDAGUR 23. JÚLÍ
SVÆÐIÐ OPNAR KL 17

SZK

DJ LIL CURLY

HÁSKI

SÉRA BJÖSSI

KLARA ELÍASAR

BÆJARBÍÓ

HJARTA HAFNAR-FJARÐAR

ÚTISVÆÐI

FIMMTUDAGUR 21. JÚLÍ
SVÆÐIÐ OPNAR KL 18

Júlla diskó

bjóðhátíðarstemning!

FÖSTUDAGUR 22. JÚLÍ
SVÆÐIÐ OPNAR KL 18

Syngum saman með Guðrúnu Árný

FRÍTT INN
ALLA DAGANNA

20 ÁRA
ALDURSTAKMARK

Bjórkort á frábæru verði
Stórskemmtilegt útisvæði með tjöldum, borðum og bekkjum
Opið allar helgar til kl 23

nánar á bæjarbíó.is og facebooksíðu Bæjarbíó

tix
HAFNARFJÖRÐUR
prime UMBOÐSSKRIFSTOFA
TUBORG

Fasteignaleitin

Ný og öflug fasteignaleit

Finndu réttu eignina fyrir þig á frettabladid.is

SKANNAÐU KÓÐANN

Öflugur fasteignaleitarvefur

með einföldu og notendavænu

viðmóti sem býður upp á ítarlegar

upplýsingar um fasteignir,

þróun verðlags og fróðleik um

fasteignamarkaðinn.

frettabladid.is

Á sama tíma reyndi einn gesturinn inngöngu í guðshúsið Húsavíkurkirkju. Það var lokað en kom kannski ekki mikið að sök, því haldið hefur verið fram að almættið sé á kreiki þessa dagana úti í náttúrunni á íslensku hásumri.

Ísland án Íslendinga

Ísland er risið úr dvala eftir Covid-árin. Þar sem áður var varla hræðu að sjá er nú urmull fólks á ferð og flugi.

bt@frettabladid.is

Ísland er meira en Reykjavík. Ísland er líka úti á landi. Dæmi eru um dreifbýl svæði þar sem hvert einasta gistirými er nú bókað og uppselt. Fréttablaðið og sjónvarpsstöðin Hringbraut eru á ferð um landið og er sama hvar borið er niður í samtölum við gesti okkar.

„Við erum hér vegna hinnar stórfenglegu náttúru," segja þeir.

Einn er þó sá kúnnahópur sem vart hefur látið sjá sig úti á landi í sumar. Þessi hópur er við sjálf.

„Það vantar alveg Íslendingana, sagði kona á Húsavík.

„Ætli það séu ekki bara allir úti á Spáni þar sem fólk er að steikjast?" sagði önnur.

„Leiðindaveður? Er ekki betra að vera í tíu gráðum en fjörutíu gráðum?" sagði sú þriðja. ■

> Leiðindaveður? Er ekki betra að vera í tíu gráðum en fjörutíu gráðum?

Við Bjarg í Reykjahlíð snæddu þau Annette og Robert frá Hollandi morgunmatinn sinn í bongóblíðu. Kannski sáu þau sólarlagið um kvöldið þar sem fjallið Vindbelgur reyndi enn og aftur að stela senunni.

Á Húsavík voru farþegar um borð í hvalaskoðunarbátum ansi sprækir. Stúlkan sem batt bátinn sagði óvenjumikið af stórum hvölum, sem vekti gleði ferðafólks.

Línklæddur Brad Pitt vekur lukku

ninarichter@frettabladid.is

Bandaríski stórleikarinn og hjartaknúsarinn Brad Pitt hefur slegið í gegn á frumsýningarferðalagi spennumyndarinnar Bullet Train. Aðstandendur myndarinnar hafa fylgt verkinu til Parísar, Berlínar og London og má segja að leikhópurinn hafi leikið á als oddi fyrir fjölmiðlana.

Brad Pitt hefur ekki síst vakið athygli fyrir vandaðan og frumlegan fatastíl, en hann hefur klæðst litríkum settum úr líni fyrir pressuna. Pitt mætti í brúnu línpilsi á rauða dregilinn í Berlín sem klæddi hann einstaklega vel og þar sannaðist enn eina ferðina að kyngervi og aldur hefur ekkert að segja þegar kemur að getu fólks til að vera smart í pilsi. ■

Hinn litríki fatnaður Brad Pitt á kynningartúrnum er eftir hönnuðinn Haans Nicholas Mott.

Brad í grænum lit í London og létt hörefni er fullkomið í hitabylgjunni sem gengur yfir Evrópu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Pilsið í brúna settinu hefur heldur betur slegið í gegn. Bleik skyrtan tónar vel við brúna litinn.

AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Guðmundur Örn Jóhannsson *gudmundur@torg.is*, **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Andrés Bertelsen *andres@frettabladid.is*, Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

FULLKOMNAR Í FRÍIÐ







Sannkallaður yndislestur.

Náðu þér í kilju fyrir fríið á forlagid.is eða í Bókabúð Forlagsins á Fiskislóð 39.

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10–18 | Laugardaga 11–17 | www.forlagid.is

TAXE

www.dorma.is

VEFVERSLUN ALLTAF OPIN

EKKI MISSA AF ÞESSU

REYKJAVÍK | AKUREYRI | ÍSAFJÖRÐUR

KOLDING hægindastóll

Stillanlegur stóll í dökkgráu, rauðu eða svörtu PVC áklæði.

Verð: 169.900 kr.

Nú **137.024 kr.**

Nature's **REST LUXURY** heilsurúm með C&J stillanlegum botni

Frábær heilsudýna með yfirdýnu fyrir enn betri hvíld.

Natures Rest Luxury er frábær heilsudýna með 18 cm háum pokagormum umvafið af hitasprengdum svampi. Gormakerfið er gert úr tvíhertu stáli með mikinn og góðan stuðning. Natures Rest Luxury er með vönduðu áklæði sem andar einstaklega vel. Dýnan er millistíf/stíf. Natures Rest Luxury er tilvalin á venjulegan botn sem og í stillanleg rúm.

Sérlega vönduð gormadýna.

Nature's Bedding

CONFIDENCE IN TEXTILES Tested for harmful substances according to Oeko-Tex® Standard 100

90x200 cm rúm með C&J stillanlegum botni.

Verð: 193.900 kr.

Nú **156.380 kr.**

160x200 cm rúm með C&J stillanlegum botni.

Verð: 375.800 kr.

Nú **303.083 kr.**

AVIGNON hægindastóll með skammel

Stillanlegur hægindastóll með innbyggðum skemli. Brúnt, svart, dökkgrátt og rautt PVC leður.

Verð: 199.900 kr.

Nú **161.219 kr.**

CANNES hægindastóll

Hægindastóll og skammel. Saddle, grátt, svart eða rautt PVC áklæði.

Verð: 199.990 kr.

Nú **161.292 kr.**

Afgreiðslutími Rvk
Mán. til fös. kl. 11–18
Laugard. kl. 11–17
Sunnud. LOKAÐ

Holtagörðum, Reykjavík
512 6800
Smáratorgi, Kópavogi
512 6800

Dalsbraut 1, Akureyri
558 1100
Skeiði 1, Ísafirði
456 4566

Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur.

FRÍE

AF ÖLLUM VÖRUM*
HEFST Í DAG

AUSTIN 3ja sæta sófi

Stillanlegur 3ja sæta sjónvarpssófi. Hægra og vinstra sæti hallanlegt með skammel. Miðsæti niðurfellanlegt og verður að borði. Svart leður. 198 x 95 x 98 cm.

Verð: 299.900 kr.

Nú **241.869 kr.**

ELEGANCE heilsurúm með classic botni

Sérlega vönduð heilsudýna sem veitir góðan stuðning. Elegance heilsudýnan er með 5 svæðaskiptu pokagormakerfi. Gormakerfi Elegance er mýkra við axlasvæðið en stífara við neðra bak og miðjusvæði. Elegance heilsudýnan hefur steypta kanta sem gefur um 25% meira svefnrými og tryggir hámarks endingu dýnunnar. Ein okkar allra vandaðasta gormadýna.

Til í fleiri stærðum.

180x200 cm

Verð: 209.900 kr.

Nú **169.284 kr.**

TAMPA tungusófi

Stílhreinn og flottur tungusófi í slitgóðu áklæði ljós- eða dökkgrátt. 242 x 145 x 85 cm.

Verð: 149.990 kr.

Nú **120.967 kr.**

LICATA tungusófi

Hægri eða vinstri tunga, grátt Brunei áklæði. 265 x 164 x 82 cm.

Verð: 229.900 kr.

Nú **185.414 kr.**

*** Taxfree tilboðið jafngildir 19,35% afslætti og gildir á öllum vörum. Gildir ekki ofan á önnur tilboð eða af sérpöntunum. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Dorma.**

DORMA

Láttu drauminn rætast

frettabladid.is

550 5000
RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is
AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is
PRENTUN Torg ehf.
DREIFING Póstdreifing ehf.
dreifing@postdreifing.is

JAFNLAUNAVOTTUN 2022 - 2025

Sigraðu innkaupin fyrir útileguna
nettó

Bakþankar

Kolbeins Marteinssonar

Þrjár ástir

Til er kenning sem segir að við verðum aðeins ástfangin af þremur manneskjum á ævinni.

Fyrsta ástin. Þetta ástarsamband á sér oftast stað þegar vð erum ung. Oft enda slík sambönd út af einhverju smáræði eða vegna þess að einstaklingarnir vaxa sitt í hvora áttina. Þegar við lítum til baka á þessa fyrstu ást gæti jafnvel læðst sú hugmynd að manni að kannski hafi þetta jafnvel ekki verið ástarsamband. En á þessum tímapunkti var þetta ást eins og við héldum að ást væri, saklaus og reynslulaus.

Síðan er það ást númer tvö. Sú erfiða. Hér verðum við særð og upplifum oft mikla ástarsorg. Tilgangur þessa ástarsambands er að kenna og þroska okkur, gera okkur sterkari. Þetta samband getur falið í sér lygar, virðingarleysi, óheiðarleika, sársauka, svik og haft slæm áhrif á líf okkar til lengri tíma. En það er hér sem við vöxum og áttum okkur á því hvað það er sem við viljum og viljum ekki. Og kannski það mikilvægasta, þá lærum við hér muninn á slæmum og góðum maka.

Síðan er það þriðja ástin. Oft kemur þessi ást úr óvæntri átt og án þess að við leitum að henni, hún kemur til okkar fyrirhafnarlaust. Hlutirnir verða áreynslulausir og grundvallast af sterkum tilfinningum. Þriðja ástin er líka oft ólík þeim týpum sem við höfum laðast að áður. En sökum fyrri reynslu þá vitum við hvað við viljum og hvað ekki. Hér er maki sem við horfum í augun á og við sjáum fyrir okkur að giftast og stofna með fjölskyldu.

Ef þú býrð svo vel að eiga maka sem þú veist að þú vilt eyða með ævinni, skaltu láta maka þinn vita af því strax í dag og ræktaðu með þér þakklæti. Síðan máttu muna að allt á sér tilgang hér í þessu lífi, líka fyrrverandi makar. ■